

EIRARMÁLID  
BLÆS ÚT HJÁ  
SÉRSTÖKUM  
SAKSÓKNARA ▶ 4



EYDÍS SÖL 14 ÁRA  
REKUR HJÓLALEIGU Í MIÐBÆNUM ▶ 38



NÝJA  
SENDIBÍLASTÖÐIN

...á þínum vegum!

568 5000

# FRÉTTABLAÐIÐ


HELGARBLAÐ

6. júlí 2013  
157. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## ÞAÐ ER Í LAGI AÐ SEGJA FRÁ

**María Rut Kristinsdóttir** var átján ára, í miðri lögreglurannsókn á kynferðisbrotum stjúp-föður hennar, þegar hún uppgötvaði að hún var komin fimm mánuði á leið. Í dag, sex árum síðar, er hún formaður Stúdentaráðs og á í hörðum slag við manninn sem var haldreipi hennar þegar hún þurfti mest á því að halda, Illuga Gunnarsson menntamálaráðherra. ▶ 20



### HANDBOLTAPAR Í ATVINNUMENNSKU

Einar Ingi og Þórey Rósa fundu hvort sitt liðið á sama stað enda láta þau atvinnumennsku sína ekki skilja sig að. ▶ 34



### SPRENGING Í FERÐA- PJÓNUSTU

Ásthildur Sturludóttir líkir nýju hóteli á Patreksfirði við áhrif Hörpunnar í Reykjavík. ▶ 6

### SÍÐASTI SLAGUR FYRIRLIÐANS

Katrín Jónsdóttir hefur verið fyrirlíði landsliðsins síðan 2007. Hún er á leið á sitt síðasta stórmót með stelpunum sínum og stefnir á átta liða úrslit. ▶ 16



**STÓRÚTSALAN**  
ALLT  
AÐ **80%**  
AFSLÁTTUR  
NÝJAR VÖRUR • RÝMINGARSALA  
byggto og búid | Kringlunni

freebird  
Útsala  
40 % afsláttur



Spread the Love...

Íslensk hönnun Laugavegi 46 s:571-8383  
WWW.FREEBIRDCLOTHES.COM



Útsölu  
brjálæði

Opíð til  
kl. 18  
í dag

Smáralind

## RANNSÓKN VÍKKUÐ ÚT 4

Rannsókn Sérstaks saksóknara á málefnum Hjúkrunarheimilisins Eirar hefur aukist að umfangi frá því fyrrverandi stjórnarmenn afhentu embættinu gögn í desember.

## FJÖREGG EINS OG HARPA 6

Fjörtíu herbergja hótél á Patreksfirði hafði álika áhrif á sunnanverðum Vestfirðum og Harpa í Reykjavík segir bæjarstjóri.

## FÆR SKÝRSLU LÖGREGLU 6

Eva Hauksdóttir fær aðgang að hluta skýrslu lögreglu um Búsáhaldbyltinguna og skorar á aðra að krefjast aðgangs.

## MANDELA ENN Í LÍFSHÆTTU 8

Nelson Mandela var í dái fyrir rúmri viku en hefur náð sér á strik og verið með meðvitund í vikunni.



## SKOÐUN 10→11

## UM AFTURGENGNA EFTIRPANKA 10

Uppgjör við einn flokk eða einstaka menn skilar engu nema haldlitlu hnútkasti, segir Þorsteinn Pálsson um rannsóknarskýrsluna um Íbúðalánasjóð.

## AÐVITAD 11

Það gefur auga leið að starfslaun eru atvinnu- höfundum ekki aðeins nauðsynleg, þau eru forsenda þess að fjölmargir aðrir þættir samfélagsins virki, skrifar Pétur Gunnarsson.



## HELGIN 12→26

## SAGAN Á HAFSBOTNI 12

Segl- og gufuskipið Vega hefur legið á hafsbotni við norðvestur Grænland í 110 ár. Ævintýramaðurinn Ola Skinnarmo stefnir á að finna það í sumar.

## LEGGUR SKÓNA Á HILLUNA 16

Katrín Jónsdóttir hefur verið fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu síðan 2007. Hún leiðir liðið á EM sem byrjar í næstu viku, en er ákveðin í að leggja skóna á hilluna í haust. Hún segist loksins vera að komast að því að lífið sé meira en fótbolti.

## HÚSGÖGN Í HÖNNUNARSAFNI – INNREIÐ NÚTÍMANS Í ÍSLENSKA HÖNNUN 18-19



## PÓLÍTKIN JAFNFLJÓTANDI OG KYNHNEIGÐIN 20

María Rut Kristinsdóttir segist ekki vera pólitísk í eiginlegum skilningi, þrátt fyrir að hafa að hluta til alist upp hjá Illuga Gunnarssyni menntamálaráðherra.

## KANN HIN ÝMSU SIRKUSTRIKK 24

Snæfríður Sól Gunnarsdóttir er götuleikari. Hún kann að ganga á stultum, blása eld og halda mörgum boltum á lofti í einu.

## KROSSGÁTA 26

## MENNING 32→38

## STRUMPARÚTA LOGA 32

Karen Kjartansdóttir segir slagsmálin í aftursætinu heyra sögunni til með tilkomu strumparútunnar í bakþönkum dagsins.

## UNG ATHAFNAKONA 38

Hin fjórtán ára gamla Eydis Sól Steinarrsdóttir rekur hjólaleiguna Sunny Bikes við Klapparstíg.



## SPORT 34

## MIKIÐ PÚSLUSPIL 34

Handboltarið Einar Ingi Hrafnsson og Þórey Rósa Stefánsdóttir ætla að færa sig um set yfir til Noregs.

## KONURNAR DALA 34

Kvennalandsliðið í handknattleik hefur verið að dala að undanförmu og virðist í lægri gæðaflokki nú en fyrir tveimur árum.



## FIMM Í FRÉTTUM HEIMSÓKNIR, HAGFRÆÐI OG HVATNINGARORÐ



Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra var áberandi í vikunni þar sem hann tók á móti hinum háttsetta aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon. Fátt annað var rætt en forysta Íslands á sviði sjálfbærrar orku og jafnréttismála.



Jónas Kristjánsson vakti athygli þegar hann baðst afsökunar í stuttri færslu á bloggsíðu sinni. Laut afsökunarbeiðnin að því að hann hafi beitt of vægum orðum í umræðunni – ástandið sé ógeð en ekki stórgallað eins og hann hafði áður sagt.



Eva Hauksdóttir fékk aðgang að skýrslunni um Búsáhaldbyltinguna en hún hafði barist fyrir því um tíma. Hvetur hún aðgerðasinnna til þess að fara fram á aðgang.



Kristín Flygenring hagfræðingur var ein af þriggja manna nefnd sem falið var að rannsaka starfsemi Íbúðalánasjóðs og kom skýrsla varðandi efnid út í vikunni. Kom í ljós að 270 milljarða tap er á rekstri sjóðsins.



→ Sigurður Helgi Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Eirar, kemur ekki vel út úr nýttgefni skýrslu Deloitte um rekstur hjúkrunarheimilisins. Á bleiúsjóður félagsins að hafa greitt utanlandsferðir og upphald erlendis fyrir háttsetta starfsmenn þess.



EITRAÐ FYRIR GRÓÐRI Munurinn á því landi sem orðið hefur fyrir raski af völdum skógræktar og því sem hefur verið leyft að njóta sín er ótvíráður. MYND/BORGÞÓR JÓNSSON

## Eitrað inngríp í dýrmætt mýrlendi

Skógrækt ríkisins hefur gengið hart fram í skógrækt sem hefur mikið rask í för með sér fyrir votlendi. Hernaður gegn landinu að mati Náttúrustofnunar Íslands.

**UMHVERFISMÁL** Skógrækt ríkisins hefur gengið harkalega að dýrmættu votlendissvæði sem Votlendisnefnd ásamt Náttúrustofnun Íslands hefur unnið að því að endurheimta síðan árið 1996.

Dagmálatjörn í Biskupstungum var fyrsta tjörnin sem endurheimt var í tilraunaverkefni Votlendisnefndar, en hún hafði það hlutverk að endurheimta mýrlendi sem þurrkað hafði verið upp, og tókst aðgerðin vel að mati aðstandenda.

Nú, fimmtán árum síðar leiðir vettvangsrannsókn í ljós að eittrað hefur verið fyrir kjarr- og mýrlendisgróðri á stóru svæði austan tjarnarinnar og sitkagreni plantað í landið. Náttúrufraeðistofnun Íslands kallar þetta hernað gegn landinu.

„Ég set spurningarmerki við það að vera að rækta skóga í mýrlendi. Mýrarnar eru einhverjast sterkustu og öflugustu vistkerfi sem við

eigum hér á landi,“ segir Borgþór Magnússon, plöntuvistfræðingur og formaður vistfræðideildar hjá Náttúrustofnun Íslands. Hann segir að varlega verði að fara í aðgerðir af þessu tagi.

„Ég tók eftir því að það var búið að úða eitri á mýrarsvæði við tjörnina. Mér fannst þetta nokkuð harkalega fram gengið í skógræktinni, að vera að eyða þessum náttúrulega gróðri til þess að ryðja fyrir skógi alveg þarna á tjarnarbakkann.“

Skógræktin sem um ræðir er hluti af landshlutaverkefni í skógrækt, nánar tiltekið Suðurlands-skógaverkefni. „Jarðirnar eru teknar út, gróðurfar þeirra metið og valið það land sem er talið henta best til skógræktar. Svo velja þeir væntanlega trjátegundir með tilliti til skilyrða landsins,“ útskýrir Borgþór. Að mati Náttúrustofnunar geti skógrækt

af þessu tagi varla verið talin fara fram í sátt við umhverfið en það er leiðbeiningarregla skógræktarinnar. „Það hefði verið æskilegt að svæðið hefði fengið að njóta sín án mikils rasks. Þarna fara af stað aðgerðir alveg inn á svæðið, manni finnst þetta rekast saman og menn ekki taka tillit til þess sem var.“

Borgþór leggur áherslu á mikilvægi aðgerða sem stefna að því að endurheimta votlendi þar sem að með því sé hægt að draga mikið úr gróðurhúsaáhrifum. „Jafnframt eru þessar aðgerðir til þess fallnar að koma náttúrunni nær því að vera í upprunalegu horfi. Ríkið er að greiða fyrir því að raska þeim enn frekar.“

Ekki náðist í forsvarsmann Suðurlandskógaverkefnis á vegum Skógræktar ríkisins við gerð fréttarinnar.

nannae@frettabladid.is

Forsetinn fær undirskriftir rúmlega 35 þúsund áskorenda afhentar í dag:

## Áskorendur halda til Bessastaða

**STJÓRNMÁL** Forgöngumenn undirskriftasöfnunar gegn lækkuð veiðigjalds hafa boðað komu sína á Bessastaði klukkan þrjú í dag. Þar munu þeir afhenda Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, undirskriftalistann. Rúmlega 35 þúsund hafa sett nafn sitt á listann.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir ekki vænlega stöðu blasa við ef forsetinn skrifar ekki undir lög. „Ef niðurstaðan yrði sú að þetta yrði svo fellt í þjóðar- atkvæðagreiðslu þá sitjum við uppi með óframkvæmanleg lög og þá stefndi í að ekkert sérstakt veiði-

gjald kæmi til á komandi fiskveiðiári,“ segir hann.

„Eins skynja ég það svo að það sé almennur vilji fyrir því á þingi að tekjuöflunaraðgerðir, sem þessi, fari ekki í þjóðaratkvæðagreiðslu,“ segir Bjarni.

Í gær héldu þingmenn Pírata til fundar við forseta á Bessastöðum til að hvetja hann til þess að skjóta málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Hann er náttúrulega snillingur að tala í gátum,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata. „En ef ég dæmi bara af skynjun minni þá fór ég ekki hjartsýn heim.“ -jse



Á BESSASTÖÐUM Birgitta Jónsdóttir og Helgi Hrafn Gunnarsson komu við þriðja mann til Bessastaða. MYND/STÓB2

## VISTVÆNAR VÖRUR

Í Rekstrarlandi finnurðu mikið úrval af vistvænum og vottuðum vörum.



MILD HÚÐ- OG HÁRSÁPA til daglegra nota. Lág pH-gildi, aðeins 4,5. Verð 396 kr.



## VISTVÆNN RUSLAPOKI

100% niðurbrotanlegur, úr maisssterkju, 10 lítra, 25 stk. í pakka. Verð 490 kr.



REKSTRARLAND

www.rekstrarland.is

Skeifunni 11 | Sími 515 1100

# SUMMAR

KOMDU  
STRAX

# ÚTSALIAN

BESTU KAUPIN FARA FYRST!

GARÐHÚSGÖGN 30-40%  
SUMARBLÓM 20-50%  
TRJÁPLÖNTUR 50%  
MATJURTIR 50%  
GARÐLEIKFÖNG 30%  
GARÐVERKFÆRI 20-30%  
REIÐHJÓL 30%  
GARÐSTYTTUR 30-50%  
GOSBRUNNAR 30-50%  
ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-70%  
GRILL 10-25%  
VIÐARVÖRN 20%  
ÚTIMÁLNING 25%  
BÚSÁHÖLD 30-70%  
SKJÓLVEGGIR 25%  
OG ÓTAL MARGT FLEIRA

20-70%  
AFSLÁTTUR

Útsöluafsláttur gildir ekki af vörum merktum  
Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar.

LEGSTA  
LÁGA  
VERÐ  
HÚSASMÍÐJUNNAR

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956

29.06.2013 → 06.07.2013

**ELÍN HIRST,**  
þingmaður Sjálf-  
stæðisflokksins, tal-  
aði um gallabuxur í  
2 mínútur á Alþingi.

**120**

**STÖRF**

Ísfirðinga hverfa með  
stöðvun úthafsækju-  
veiða.



**82%**

Mikill meirihluti lands-  
manna, eða 82 prósent,  
vill kjósa um framhald  
aðildarviðræðna við  
Evropusambandið.

**NICK CAVE**  
spilaði 2 lög á  
ATP Music Festi-  
val áður en hann  
datt af sviðinu.



**SÓLSKINSSTUNDIR** á  
höfuðborgarsvæðinu mældust  
aðeins 121,7. Það er 90 stundum  
undir meðaltali í júnímánuði.

**60%**

færri ungar stúlkur fara í föstureyð-  
ingu nú en fyrir áratug.

**HEILDARTAP**  
**ÍBÚDALÁNASJÓDS**  
frá stofnun nemur 270 millj-  
örðum króna.

**HULDA JÓNSDÓTTIR,**  
fiðluleikari við Juilliard-háskóla  
hlaut 750 þúsund króna styrk.



**7 SIRKUSTJÖLD** mynda  
sirkusþorp í Vatnsmýrinni. Stærsta  
tjalddið rúmar 400 manns. Haldin  
verður sirkushátíð dagana 4.-14.júlí.

Segir villur í skýrslu um ÍLS:  
**Vill að Alþingi  
leiðrétti skýrslu**

**VIÐSKIPTI** Ranglega er haldið fram  
í rannsóknarskýrslu Alþingis um  
Íbúðalánasjóð  
(ÍLS) að Franz  
Jezorski hafi  
verið meðal eig-  
enda Fasteigna-  
félags Austur-  
lands þegar  
eigendur þess  
greiddu sér 430  
milljóna króna arð. Þetta kemur  
fram í yfirlýsingu frá Franz.



**FRANZ JEZORSKI**

Þar segir að hann hafi selt  
hlut sinn í félaginu árið 2006, en  
félagið fékk 1,5 milljarða lán frá  
ÍLS árið 2007 og greiddi arðinn  
eftir það. Franz fer fram á það  
við forseta Alþingis að skýrslan  
verði leiðrétt. Hann segir nefnd-  
ina aldrei hafa leitað eftir  
upplýsingum frá sér.

- bj

Leyfilegur heildarafli aukinn:  
**Fylgir ráðlegg-  
ingum Hafró**

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarverðmæti  
allra fisktegunda eykst á næsta  
fiskveiðidári um fimmtán milljarða  
vegna ákvörðunar sjávarútvegs-  
ráðherra sem ætla að fara að  
ráðum Hafrannsóknarstofnunar  
um veiðar á næsta ári. Áætlað er  
að útflutningsverðmæti sjávar-  
afurða aukist um 15 milljarða.

Heildarafli þorsks fer úr tæpum  
200 þúsund tonnum upp í rúm 214  
þúsund tonn, þá eykst hann líka  
í ýsu, úfsa og síld en stendur í  
stað eða lækkar lítillega í öðrum  
tegundum.

- ig

**ÁRÉTTING**

Tafla á síðu tvö í blaðinu í gær sýnir  
áætlað veiðigjald vegna kolmunnaveiða  
eins og fram kemur í fréttinni, en ekki  
heildarveiðigjöld.

**Rannsókn lögreglu vikkur út**

Í nýrri skýrslu Deloitte eru sagðar líkur á að greiðslur til fyrrverandi stjórnenda Hjúkrunarheimilisins Eirar hafi verið óeðlilegar. Sérstakur saksóknari kallaði í vor eftir frekari gögnum vegna eigin rannsókna á Eir.

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn sér-  
staks saksóknara á málefnum  
Hjúkrunarheimilisins Eirar kann  
að ná yfir þætti sem nefndir eru í  
nýrri úttekt Deloitte á málefnum  
Eirar. Sú úttekt var birt í gær  
og var unnin að beiðni nýrrar  
stjórnar heimilisins.

Samkvæmt heimildum blaðsins  
hefur rannsókn sérstaks saksókna-  
ra aukist nokkuð að umfangi frá  
því að þrjár fyrrverandi stjórnar-  
menn Eirar afhentu embættinu  
gögn í desember síðastliðnum og  
óskuðu eftir rannsókn á starfs-  
háttum Eirar.

Í vor kallaði embætti sérstaks  
saksóknara svo eftir frekari gögnum  
frá nýrri stjórn hjúkrunar-  
heimilisins, meðal annars gögnum  
sem varða samninga við íbúa.

Í skýrslu Deloitte segir meðal  
annars að meta þurfi hvort stjórn-  
endur Eirar kunni að hafa farið á  
svig við lög í störfum sínum fyrir  
stofnunina. Meðal annars er  
fjallað um greiðslur úr þróunarsjóði  
á árunum 2009 til 2011.

„Greiðslurnar námu samtals 2,7  
milljónum króna og voru vegna  
dagpeninga, flugferða, gistinga  
og veitinga erlendis sem tengjast  
fyrrverandi forstjóra Eirar og  
fjölskyldumeðlimum hans, fyrr-  
verandi fjármálastjóra Eirar og  
maka hans, fyrrverandi fram-  
kvæmdastjóra rekstrar og fyrr-  
verandi starfsmanni Eirar,“  
segir í skýrslunni. Greiðslurnar  
voru samþykktar ýmist af fyrr-  
verandi forstjóra og/eða fram-  
kvæmdastjóra. „Út frá þeim gögnum  
sem við skoðuðum hefur ekki  
verið sýnt fram á að greiðslurnar  
tengist með beinum hætti rekstri  
Eirar og við teljum því líkur á að  
um óeðlilegar greiðslur geti verið  
að ræða.“

olikk@frettabladid.is


Jón Sigurðsson, stjórnar-  
formaður Eirar frá því í desem-  
ber síðastliðnum, segir að  
stjórnin fari nú yfir ábendingar  
skýrslunnar og kalli eftir svörum  
og skýringum  
eftir því sem  
við eigi.

„Ég byrja  
ekki á því að  
væna starfs-  
menn um ein-  
hver óheilindi,“  
segir Jón. Rétt  
sé að gefa fólki  
færi á að gefa  
skýringar á hlutum sem kunni  
að vera óljósir. Þá fari lögmá-  
ður Eirar einnig yfir skýrsluna  
og ráðleggi stjórninni um næstu  
skref.

Jón gerir ráð fyrir að málið  
verði tekið upp á næsta stjórnar-  
fundum Eirar í ágúst. „Nema að  
eitthvað komi upp í skoðun lög-  
mannsins sem kalli á snarpri  
viðbrögð. Við boðum þá aukafund  
ef ástæða er til þess.“

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur  
saksóknari, segist ekki geta  
tjáð sig um umfang eða möguleg  
lok rannsókna á málefnum Eirar.  
Á honum má hins vegar skilja að  
atriði í skýrslu Deloitte þurfi ekki  
að vera tilefni nýrra kæra til lög-  
reglu. „Ef um er að ræða brot  
á hegningarlögum er rannsakari,  
almennt séð, ekki bundinn  
af kröfugerð. Embættið getur  
afmarkað rannsókn með því að  
þringja hana eða vikka hana út  
og þarf ekki nýja kæru til þess,“  
segir Ólafur og bætir við að  
algenget sé í rannsókn sakamála,  
hvort sem það eru efnahagsbrot  
eða önnur mál, að eitthvað nýtt  
komi fram þegar að sé gáð.

**Veðurspá**



**VÆTUSÖM FERÐAHELGI** en úrkoman minnkar þegar líður á helgina.  
Morgundagurinn verður bjartur á norðausturhorninu en lífilsháttar væta annars  
staðar. Ferðalangar með aftanávagna ættu að fylgjast með vindaspám.

Alicante 29°	Berlín 24°	Friedrichshafen 26°	Las Palmas 25°	New York 32°	París 26°
Abena 30°	Billund 23°	Gautaborg 19°	London 26°	Orlando 32°	San Francisco 19°
Basel 31°	Frankfurt 27°	Kaupmannahöfn 19°	Mallorca 30°	Ósló 22°	Stokkhólmur 22°



**Útivist í Tíról**

24. - 31. ágúst  
Fararstjóri: Steinunn H. Hannesdóttir  
Verð: 188.800 kr.  
á mann í tvíþýli. **Mjög mikið innifalið!**

Sumar 16

Í þessari skemmtilegu útivistarferð til  
Austurríkis gefst farþegum tækifæri  
til að stunda hressandi hreyfingu og  
fyllast krafti og ánægju í töfrandi  
umhverfi Alpenna.

Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK **ferðapjónusta bænda**

Gildistími korta er um hádegis

Á morgun  
Strekkingur með N-ströndinni fram  
eftir degi, annars hægar.

Mánudagur  
Fremur hægur vindur víðast hvar.

Ingibjörg Karlsdóttir  
veðurfréttamaður



# Til hamingju Hótel Edda

Landsbankinn óskar Hótel Eddu og Víðinesi ehf. til hamingju með opnun á nýju hóteli á Höfn í Hornafirði. Hótel Edda Höfn er 36 herbergja, vel útbúið hótél og var byggingin fjármögnuð af bankanum. Landsbankinn er öflugur og traustur samherji og leiðandi í lánveitingum til ferðaþjónustufyrirtækja.

1255 fermetrar

36 hótélherbergi

9 starfsmenn

72 rúm



## VEISTU SVARID?



1. Hvað uppfyllir hátt hlutfall sumarhúsa á Þingvöllum skilyrði um fráveitumál?
2. Hvað er ætlað að halli hafi verið mikill á vöruskiptum í maí?
3. Hver er hlutdeild Íslands á evrópskum skemmtiferðaskipamarkaði?

**SVÖR**  
Önfrí kórna. 3. Náll komma sjö prósent.  
1. Fjögur prósent. 2. Ellefu hundruð milli-

Eva Hauksdóttir fær hluta skýrslu lögreglunnar um Búsáaldabyltinguna:

## Skorar á fólk að biðja um aðgang

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu ber að veita Evu Hauksdóttur aðgang að hluta skýrslu Geirs Jóns Þórissonar, fyrrverandi yfirlögregluþjóns, um Búsáaldabyltinguna 2009 til 2010 samkvæmt úrskurði Úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

„Það er óþolandi að yfirvöld komist upp með að leynd gögnum sem varða almenning og nú skora ég á ykkur öll sem áttuð persónuleg samskipti við lögreglu eða hafið aðrar ástæður til þess að gruna að

ykkar sé getið sérstaklega í skýrslunni, að [...] fara fram á aðgang að þeim hluta skýrslunnar sem varðar ykkur persónulega,“ skrifar Eva á bloggsíðu sinni.

Eva fór fram á að fá aðgang að skýrslunni í heild, en lögreglan hafnaði því með þeim rökum að skýrslan væri vinnugagn sem í væru viðkvæmar persónuupplýsingar. Eva fær aðgang að þeim hlutum skýrslunnar sem innihalda upplýsingar um hana sjálfa og orðréttum tilvitnanir í fjölmiðla. -bj, þþ



**BYLTING** Skýrsla lögreglunnar um Búsáaldabyltinguna er sögð viðkvæmt vinnugagn lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ÍLS sendir frá sér tilkynningu: Tap Íbúðalána-sjóðs ofmetið

**EFNAHAGSMÁL** Tap Íbúðalána-sjóðs er 64 milljarðar, ekki 270 milljarðar ef marka má fréttatilkynningu sem Íbúðalánasjóður sendi frá sér í gær.

Þar segir að frá árinu 1999 hafi Íbúðalánasjóður tapað 41 milljarði og lagt aðra 23 milljarða í varasjóð til að mæta útlánatöpum framtíðar, samtals 64 milljarðar.

Í fréttatilkynningunni segir að 92 prósent þeirrar upphæðar séu til komin vegna bankahrunsins.

- ósk

# Jafn mikið fjöregg og Harpan í Reykjavík

Fjörutíu herbergja hótél á Patreksfirði hefur á líka áhrif á sunnanverðum Vestfjörðum og Harpan í Reykjavík segir bæjarstóri. Fyrirtæki sem áður sérhæfði sig í gönguferðum með leiðsögn er orðið að umfangsmikilli ferðaskrifstofu.

**ATVINNULÍF** Mikil gróska hefur orðið í ferðaþjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum samhliða opnun 40 herbergja hótels á Patreksfirði í júníbyrjun, segja Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, og Jóhann Svavarsson, framkvæmdastjóri ferðaþjónustufyrirtækisins Westfjords Adventures.

Fyrir eru fjögur gistiheimili á Patreksfirði sem samanlagt eru með 32 herbergi, segir Dána Jóhannsdóttir, markaðsfulltrúi Fjörðungssambands Vestfirðinga. Þar að auki eru mun fleiri gistiheimili á sunnanverðum Vestfjörðum en þetta er í fyrsta sinn sem svo stór hótél er starfrækt á svæðinu.

„Ég segi stundum í gríni en samt sem áður í alvöru að opnun hótelsins á Patreksfirði hafi á líka áhrif hér og tilkoma Hörpunnar fyrir Reykjavík,“ segir Ásthildur. „Hótelið er hafnarmannvirki ferðaþjónustunnar á svæðinu og styður alla þá uppbyggingu sem hér er að verða og eflir samfélagið á allan hátt.“

Jóhann var áður með lítið fjölskyldufyrirtæki sem sérhæfði sig í leiðsögn með gönguþópa um sunnanverða Vestfirði. En með tilkomu hótelsins opnuðust frekari tækifæri svo hann kom ásamt fleirum Westfjords Adventures á koppinn.

„Það er alveg ljóst að fólk er ekki að koma til Patreksfjarðar bara til að gista, það kemur til að gera eitthvað,“ segir hann. „Og við sköpum valkostina og bjóðum því upp á rútuferðir með leiðsögumönnum, við sækjum okkar fólk á flugvöllinn á Bíldudal, við



**NÝJA FOSSHÓTELIÐ Á PATREKSFIRÐI** Þetta hús hefur áður verið sláturhús og frystihús en varð svo í júní síðastliðnum Fosshótelíð á Patreksfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURDUR



**ÁSTHILDUR STURLUDÓTTIR**



**JÓHANN SVAVARSSON**

erum með umboð fyrir Bílaleigu Akureyrar, við erum auðvitað enn þá með gönguferðir um nánast alla sunnanverða Vestfirði og svo hjólaferðir, hjólaleigu, jeppaferðir, bátsferðir og svo starfrækjum við upplýsingamiðstöð fyrir svæðið. Þetta er náttúrulega ekki gert nema með því að fara út í miklar fjárfestingar.“

Jóhann segir að auk sín séu þrjú fastráðnir starfsmenn hjá fyrirtækinu.

Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Fosshótela, segir að nýtingin á nýja hótelinu á Patreksfirði hafi verið betri en hann hafði búist við. „Ég segi ekki að þetta hafi komið okkur á óvart, við höfum auðvitað trú á svæðinu,“ segir Davíð Torfi. „En það er ekki sjálfgefið að þetta fari svona fyrsta sumarið.“

Ekki er þó öll nýja flóran í ferðamenskunni sett á reikning hótelsins en hnúfubakar hafa síðustu ár vanið komu sína á sunnanverða Vestfirði svo hægt er orðið að bjóða upp á hvalaskoðun á svæðinu sem er nýlunda.

jse@frettabladid.is

Stuðningsmenn og mótherjar fráfarandi forseta Egyptalands í deilum:

## Blóðug átök í Egyptalandi

**EGYPTALAND, AP** Að minnsta kosti þrjú hafa látist í átökum stríðandi fylkinga í Egyptalandi. Mótmælendur við Tahrír-torg hentu flugeldum og grjóti hver í annan í Kaíró í gær.

Þá búrast fregnir af því að bíll hefði verið sprengdur og að báðar fylkingar væru í óða önn að sanka að sér vopnum, flöskum og bareflum til áframhaldandi átaka.

Herinn steypti forseta Egyptalands, Mohammed Morsi, úr stóli á miðvikudag eftir að milljónir manna mótmæltu setu hans á valdastóli.

Til átaka kom eftir að stór hópur stuðningsmanna Morsis streymdi að Tahrír-torgi þar sem margir mótherjar fyrrverandi forsetans voru fyrir. Áður hafði leiðtogi Bræðralags múslima sagt við tugþúsundir stuðningsmanna Morsis við Rabaa al-Adawiya moskuna að mótmælum myndi ekki linna þar til forsetinn kæmist aftur til valda.

Mohammed Morsi er einnig áhrifamaður í Bræðralagi múslima, en óánægju almennings með forsetann má rekja til mikilla áhrifa stjórnmálaflokksins á stjórn landsins og að honum hefur mistekist að takast á við efnahagsvandann.

- ósk



**ÁTÖK** Stór hópur stuðningsmanna Morsis streymdi að Tahrír-torgi þar sem margir mótherjar fyrrverandi forsetans voru fyrir.

NORDICPHOTOS/AFP

# Rýmingarsala

## á veiðivörum

allt á að seljast fyrstir koma fyrstir fá

- Daiwa kaststangir **50% afsl**
- Daiwa einhendur **50% afsl**
- Daiwa tvihendur **50% afsl**
- Daiwa rennslisstangir **50-60% afsl**
- Daiwa spinnhjól **50% afsl**
- Daiwa fluguhjól **50-60% afsl**
- Daiwa veiðitöskur **50-60% afsl**
- Vöðlur og vöðluskór **50-60% afsl**
- Vöðlujakkar **50-60% afsl**

**FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN**  
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

**PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF**

Vissir þú að...

börneiga rétt á nægum sveti

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi



56

MILLJÓNIR



# 56 MILLJÓNIR BEINT Í VASANN!

Sexfaldur Lottópottur stefnir í 56 milljónir.  
Skjóttu á smá Lottó!



Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á  
[facebook.com/lotto.is](https://facebook.com/lotto.is)

PTON / SA

## Styrktarumsóknir til Góða hirðisins /SORPU

Umsóknarfrestur rennur út 31. júlí.

Ágóði af sölu nýttahluta í Góða hirðinum rennur til góðra málefna. Styrkir eru veittir til líknar- og félagsamtaka og er markmiðið að styðja fólk til sjálfshjálpar. Verkefni geta til dæmis snúist um menntun, endurhæfingu og sjálfsbjörg og er sérstaklega leitast við að styrkir nýtist efnaminni börnum og ungmennum.

Nánari upplýsingar eru á vef SORPU, [www.sorpa.is](http://www.sorpa.is). Umsóknarfrestur fyrir haustúthlutun er til 31. júlí.



**FYRIR UTAN SJÚKRAHÚSÍÐ Í PRETORÍU** Fjöldi fólks hefur lagt leið sína þangað undanfarna daga og vikur til að votta Mandela virðingu sína. NORDICPHOTOS/AFP

# Mandela enn í lífshættu

Nelson Mandela var í dái fyrir rúmri viku en náði sér á strik og hefur verið með meðvitund í vikunni. Nýbirt dómsskjöl vísa til ástandsins fyrir síðustu helgi.

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Stjórnvöld í Suður-Afríku segja ekkert hæft í vangaveltum um að Nelson Mandela sé í dauðadái. Dómsskjöl þess efnis, sem birtust í fjölmiðlum nú í vikunni, vísa til ástands hans eins og það var fimmtudaginn 27. júní. Bæði Jacob Zuma, forseti Suður-Afríku, og Denis Goldberg, náinn vinur Mandela, hafa heimsótt hann á sjúkrahúsið í Pretoríu síðan þá og segja hann hafa náð sér töluvert á strik. Hann hafi verið með meðvitund og sýnt viðbrögð.

Um tíma hafi læknar talið rétt að slökkva á tækjabúnaði sem heldur honum á lífi en ákveðið hafi verið að gera það ekki.

„Það eru engin merki um almenna líffærabílun og þess vegna mæla þeir ekki með því að taka vélina úr sambandi því það eru allar líkur á því að heilsa hans muni skána,“ hafði Goldberg eftir Graca Mandela, eiginkonu Nelsons.

Mandela er engu að síður þungt haldinn og talinn í lífshættu, þótt

ástand hans sé sagt vera stöðugt.

Dómsskjölin voru birt í tengslum við dómssúrskurð í deilu fjölskyldu Mandela um jarðneskar leifar þriggja barna hans, sem nú hafa verið grafin á ný í þorpinu Qunu, þar sem Mandela ólst upp. Einn sonarsona hans, Mandla Mandela, hafði grafið beinin upp fyrir tveimur árum og flutt þau annað.

Desmund Tutu, fyrrverandi erkibiskup í Suður-Afríku og samstarfsmaður Mandela í baráttunni gegn aðskilnaðarstefnunni, sagði þessa fjölskyldudeilu ekki sæmandi og það fólk um að láta allar illdeilur vera.

„Þetta er næstum því eins og að hrækja í andlitið á Mandela,“ sagði Tutu í gær. „Þjáning ykkar núna er þjáning þjóðarinnar, og alls heimsins. Við viljum faðma ykkur að okkur, styðja ykkur og láta ást okkar á Mandela skína í gegnum ykkur. Megum við vinsamlegast láta það eiga sig að flekka nafn hans.“ gudsteinn@frettabladid.is

Bannsvæði við hvalveiðum skreppur saman á ný:

## Veiða aftur í flóanum

**SJÁVARÚTVEGUR** Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi, hefur fellt úr gildi ákvörðun forvera síns um nýtt og stærra bannsvæði við hvalveiðum í Faxaflóa.

Í tilkynningu sem Sigurður Ingi sendi frá sér í gær segir að með ákvörðun forvera síns hafi „hvorki verið horft til vísindalegra sjónarmiða né hagsmuna hrefnuveiða á svæðinu“. Enn fremur segir að um áttatíu prósent hrefnunnar hafi verið veidd á svæði sem er innan friðlínu samkvæmt ákvörðun Steingríms.

„Það eru heldur engin vísindaleg rök fyrir því að minnka bannsvæðið,“ segir Rannveig Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Hvalaskoðunarfyrtækisins Eldingar. „Þetta er bara pólitík,“ bætir hún við. Hún segir að síðustu tvo mánuði hafi hrefnan verið óvenju gæf og eins hafi sést fleiri skepnur í hverri ferð.



**HREFNAN ORÐIN RÓLEG** Rannveig segir að hrefnan hafi verið róleg að undanfögnu eins og þessi mynd, sem var tekin fyrir skömmu, ber með sér.

Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri Hrefnu, segir að eftir að Steingrímur færði út bannsvæðið hafi þeir horfið með skip sitt norður fyrir land. „En nú þegar þessi ákvörðun liggur fyrir mun önnur úterð gera út bát sinn á Faxaflóa. Þeir fara líklegast strax eftir helgi,“ segir hann. Hrafnreyður, skip Hrefnu, er síðan væntanlegt suður í flóann þó líklegast ekki fyrr en síðla í ágúst. -jse

Landey býður til sölu eftirtaldar eignir:

## Reykjanesbær og nágrenni

Stapabraut 21, Reykjanesbær

Nýlegt 533 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæði sem verið er að múra að utan.



Skemmur nr. 579 og 580 á Keflavíkurvelli

Tvær einangraðar Butler-skemmur, tengdar með skrifstofugangi og upphitaðar með blásurum. Skemmurnar teljast samanlagt 791 m<sup>2</sup> að stærð.



Vöruskemma í Helguvík

570 m<sup>2</sup> vöruskemma á 3.825 m<sup>2</sup> leigulóð í landi ríkissjóðs á varnarsvæðinu við Helguvík.



Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins Hátúni 2b í síma 594 4210 eða 660 4210, netfang: [landey@landey.is](mailto:landey@landey.is)

**Óska eftir að kaupa enskt english course tungumálanámskeið.**

**Vantar 2 námskeið.**

**Ég borga 30.000 fyrir námskeiðið**

**Upplýsingar í 865-7013**



# KRÓNAN



- fyrst og fremst ódýr!



**40%**  
afsláttur



**30%**  
afsláttur

**3499** kr. kg

Verð áður ~~4998~~ kr. kg  
Ungnautalund, erlend

**1298** kr. kg

Verð áður ~~2198~~ kr. kg  
Lúxus grísakótilettur



**3868** kr. kg

Lambfille með fiturönd



**30%**  
afsláttur

**1598** kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg  
Grísalundir, erlendar



**598** kr. pk.

Eldhúsið, rötargrænmeti, 500 g



**1798** kr. kg

Lambalærissneiðar



**79** kr. stk.

Pepsi, Pepsi Max, Appelsín, 7 Up, Mix, Mountain Dew og Kristall, 33 cl dósir



**12**  
í pk.

**479** kr. pk.

Samba kossar, 12 stk. í pk.



**698** kr. pk.

Freyju bestu molarnir, 350 g



**2**  
lítrar

**99** kr. stk.

Toppur hreinn, 2L

Borgin slær slöku við slátt og snyrtimennsku:

## Sjálfsvirðing borgar í órækt

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar lögðu til á fundi fyrr í vikunni að ráðið yrði í átak í umhirðu borgarlandsins.

„Þriðja árið í röð er grassláttur og almenn umhirða á opnum grænum svæðum og við umferðargötur í borginni langt frá því að vera viðunandi,“ segir í tillögunni.

Borgarfulltrúarnir tala þarna fyrir munn fjölda borgarbúa; margir hafa orð á því að slætti og annarri umhirðu gróðurs á opnum svæðum í borginni hafi farið stórlega aftur. Margir skammast sín einfaldlega fyrir borgina sína, til dæmis þegar

tekið er á móti gestum. Fólk sem leggur sig fram um að rækta garðinn sinn finnst súrt í broti að utan lóðamarkanna, á borgarlandi sem einu sinni var vel hirt og slegið, sé nú allt í órækt.

Lesu mátti í Morgunblaðinu fyrr í vikunni furðulegan fyrirslátt Guðjónu Bjarkar Sigurðar-

**Ólafur P. Stephensen**

olafur@frettabladid.is



dóttur, skrifstofustjóra reksturs og umhirðu borgarlandsins; um að það hefði verið svo mikil vætutið að slátturinn gengi hægt. Af einhverjum sökum var ástandið alveg jafnslæmt í fyrrasumar, í einmuna veðurbliðu og þurrkatíð. Þessi sama rigning hefur heldur ekki hægt á slættinum í nágrannasveitarfélögunum; það er stór munur að sjá umhirðuna á opnum svæðum þar og í höfuðborginni.

Á þetta benda sjálfstæðismennirnir í umhverfis- og skipulagsráði: „Augljóslega er betur að þessu staðið í nærliggjandi sveitarfélögum og nú er svo komið að víða í borginni er arfi, úr sér vaxið gras og almenn óhirda orðin svo áberandi að ásýnd borgarinnar líður verulega fyrir.“

Í gær sendi borgin frá sér fréttatilkynningu, þar sem ekki er lengur talað neitt um rigninguna, heldur að það þurfi að slá afskaplega stórt svæði. Eftir Guðjónu Björk er nú haft: „Hún segir fólk oft ekki átta sig á umfangi þessa verks og að sjálfsögðu þurfi að skoða hve margir hektarar eru ætlaðir á hvern starfsmann og bera þannig saman við önnur sveitarfélög.“

Þetta eru aum svör. Fyrir fáeinum árum voru þessi mál í lagi hjá borginni. Opnu svæðin hafa ekki stækkað, en fé og mannskapur skorið niður. Það var meðvitað ákvörðun núverandi borgarstjórnar-meirihluta að gera það og væri raunar nær að pólitískir fulltrúar svörðuðu fyrir vanhirduna og óræktina en embættismennirnir, sem verða að spila úr því fé sem þeim er fengið.

Það á ekki að gera lítið úr viðleitni til að spara í rekstri borgarinnar, en þessi sparnaður hefur ýmsan beinan og óbeinan kostnað í för með sér fyrir Reykjavík.

Höfuðborgina setur niður í samanburði við nágrannasveitarfélögin. Óræktin elur af sér óánægju – það er ekki gaman að búa í eða heimsækja illa hirta borg. Á borgarbúa eru lagðar skyldur samkvæmt lögum og reglum að hafa lóðirnar sínar snyrtilegar og borginni ber að hafa eftirlit með því að farið sé eftir reglum. Í hvaða stöðu er hún til þess ef borgarlandið er í órækt?

Þetta er mál sem snýr fyrst og fremst að sjálfsvirðingu borgarinnar. Það er í þágu hennar sem stjórnendur höfuðborgarinnar eiga að hysja upp um sig og sinna betur umhirðu umhverfisins.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

## VINSÆLASTA INTEL I5



**TOSHIBA**

Mjög öflugur Intel i5 örgjövi, 6GB vinnsluminni og stór 750GB harður diskur. 15,6" skjár og flottur hvítur litur.

tl.is

**TÖLVU LISTINN**

139.990

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFÖSS HAFNARFJÖRÐUR

### SPOTTIÐ



### AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

## Um afturgengna eftirþanka

Eins og aðrir stjórnmalaflokkar auðveldar Framsóknarflokkurinn mönnum aðgang að heimasíðu sinni með því að slá inn skammstöfunina XB. Reyndar er flokkurinn ekki nefndur í yfirskrift eða fyrirsögnum á síðunni með öðru móti en þessari skammstöfun eða styttingunni Framsókn.

Forsætisráðherra sagði á dögum að óþarft væri að svara skammstöfunum þegar hann var bedinn um andmæli við þungri hagfræðilegri gagnrýni innlendrar og erlendrar stofnana á stærsta kosningaloforð allra tíma. Þetta var ugglaut hótmyndi. Hún virkar oft eins og þungavigt á flokksfundum en fellur tímum niður í fjaðurvigt í búð reynslunnar.

Fyrirverandi forsætisráðherra

leit á háskólasamfélagið sem filabeinsturn en ekki þekkingarbrunn í almannabágu. Fyrir þá sök mátti ekki leggja sjónarmið sem þaðan komu um stjórnarskrár-

breytingar til grundvallar umræðu á Alþingi. Þar var um að ræða rökprot sem snúið var upp í hroka. Hann reyndist vera eitt af síðustu fótakflum þeirrar stjórnar. Nýi forsætisráðherrann byrjar að þessu leyti eins og sá fyrri endaði. Það fer vonandi ekki á sama veg; en er þó ekki góðs viti.

Nýja skýrslan um Íbúðalánasjóð sýnir 270 milljarða króna reikning

til skattgreiðenda. Það er jafnhár reikningur og skattgreiðendur fengu frá Seðlabankanum fyrir fjórum árum. Ályktunin sem forsætisráðherra lýsti á Alþingi sem mestu ráðstöfun er nokkur þjóð í heiminum öllum hefur gert fyrir heimili hljóðar síðan upp á sömu fjárhæð.

En hver er hagur þeirrar þjóðar sem lýtur svo stórhuga forystu? Hún er í þeim hópi sem mest skuldar. Fyrir skýrsluna um Íbúðalánasjóð höfðu skattgreiðendurnir þegar fengið næsthæsta reikning allra þjóða fyrir aðgerðir vegna „óreiðumanna“ í fjármálastofnunum. Að óbreyttu hrekkur aflafé hennar ekki fyrir fullum endurgreiðslum af erlendum lánum. Framleiðnin í þjóðarbúskapnum er svo á plani með Grikklandi.

## Hvaða lærdóm á að draga?

Félagsmálaráðherra segir að íbúðalánasjóðsskýrslan komi að bestum notum dragi menn af henni lærdóm. Það er kórreitt. Skýrslan ber það með sér að ábyrgðin var svo dreifð að pólitískt uppgjör við einn flokk eða einstaka menn skilar engu nema haldlitlu hnútukasti. En hvaða lærdóm má þá af henni draga?

Kveikja ófaranna var kosningaloforð sem gefið var af heilum hug til að bæta hag heimila. Allt

bankakerfið og yfirstjórn peningamála kemur við sögu í framhaldinu. Þegar til kastanna kom færðist þjóðin hins vegar meir í fang á þessu sviði en hún hafði efni á.

Þá var ríkissjóður þó að greiða niður skuldir. Nú fara niútiú milljarðar króna í vaxtagreiðslur árlega. Er unnt að draga einhvern annan og meiri lærdóm en þann að ein skuldugasta þjóð í heimi þurfi að hugsa sig tvisvar um áður en

hún stofnar nýjan sjóð fyrir mestu aðgerð í þágu húseigenda í heiminum öllum?

Það fólst ekki áform um efnahagsáfall í loforðinu frá 2003. En það endaði á þann veg. Á sama hátt fylgir ekki ráðagerðinni um nýja sjóðinn ætlan um annað efnahagsáfall. En getur einhver skellt skollaeyrum við aðvörnum eftir skýrsluna um Íbúðalánasjóð? Hyggst félagsmálaráðherra gera það?

## Hvað kaus þjóðin?

Því er haldið fram að forysta Framsóknarflokksins geti ekki hlustað á aðvaranir sakir þess að þjóðin hafi kosið þetta mikla loforð. Það er hæpin fullyrðing.

Eftir að loforðið um heimsins mestu aðgerð í húsnæðismálum án kostnaðar fyrir skattgreiðendur var gefið fóru tíu hundradshlutar kjósenda yfir á Framsóknarflokkinn. Flokkar sem gáfu svipuð loforð en náðu ekki mönnum á þing fengu um fimm af hundradi atkvæðanna. Hinn hlutinn, átta tíu og fimm hundradshlutar kjósenda, þarf ekki að hafa verið á

móti. En hann lét önnur málefni vega þyngra.

Fyrrum leituðu flokkar einkum í átt að miðjunni eftir jadarfylgi. Nú leita þeir fremur eftir kviku fylgi úr öllum áttum. Lítil minnihluti kjósenda getur sveifladd meirihluta á Alþingi. En það er andstætt öllum lýðræðislegum skilningi að lítill kvikur minnihluti kjósenda sem fylgir einu afmörkuðu kosningaloforði leysi mikinn meirihluta Alþingis frá þeirri ábyrgð að hafa heildarsýn á þjóðarbúskapinn.

Þó að Framsóknarflokkurinn hafi fengið sterka taflstöðu

getur verið óhyggilegt að þvinga aðra flokka til athafna sem ekki hafa kláran meirihlutastuðning kjósenda. Ómálefnalegt væri að gagnalykta út frá hótmyndni forsætisráðherra á þann veg að XB sé marklaus skammstöfun. En hótmyndin gæti þó orðið að áhrinsordum.

Forsætisráðherra sýndi lærdóm ef hann boðaði nú að þingsályktun um mestu ráðstafanir í heimi yrði endurskoðuð í samræmi við aðvaranir og kröfur um áhættustjórnun í fjármálum. Í fyllingu tímans verður forsjálni meir metin en afturgengnir eftirþanka.

# Auðvitað

Orð eru ekki alltaf eins saklaus og þau líta út fyrir að vera. Jafnvel þrýðilega gegnsætt orð á borð við „listamanna-laun“ getur skilað afar geigandi merkingu. Átt er við starfsstyrki sem sótt er um til skýrt afmarkaðra verkefna sem síðan kemur í hlut sérfróðra nefnda að meta hvort séu raunhæf. Umsækjandinn leggur undir allan sinn feril, verk sem hann hefur gefið út, sýnt eða flutt og í ljósi alls þessa tekur umrædd nefnd síðan ákvörðun. En það er sama hversu oft og hve vandlega þetta er útskýrt, sá skilningur sem furðu margir kjósa að leggja í orðið er: „laun sem falli þeim í skaut sem titli sig listamenn í símaskrá.“

MENNING



Pétur Gunnarsson  
rithöfundur

Til samanlagðra starfsstyrkja við listsköpun varði íslenska ríkið á síðasta ári tæpum hálfum milljarði, en listastarfsemi lagði þessu sama ríki til fjögur prósent af þjóðartekjunum. Til samanburðar má geta þess að hlutur landbúnaðar er eitt prósent og sjávarútvegs 11%. Á móti kemur að ólíkt landbúnaði og sjávarútvegi er fræðilega mögulegt að lifa án lista. Að vísu hefur slíkt samfélag ekki enn þá litið dagsins ljós, en Íslendingar hafa áður bryddað upp á nýmælum. Til dæmis að taka þá skera Íslendingar sig um þessar mundir úr safni þjóðanna vegna menningarþátttöku almennings meiri en annars staðar tíðkast. Hér eru gefnar út og lesnar fleiri bækur á mann en í öðrum löndum, aðsókn að leikhúsum og tónleikum slær öll met. Engu að síður gerir fámennið að verkum að hér yrði listsköpun snöggtum fátæklegri ef ekki kæmu til styrkir. Svo ég nefni dæmi sem snertir rithöfunda sérstaklega þá telst meðal upplag af íslenskri skáldsögu vera um þúsund eintök – sem er í raun risavaxið og svarar til milljón eintaka

í Bandaríkjunum, 220 þúsunda í Frakklandi, 20 þúsunda í Danmörku, og svo framvegis. Sem breytir ekki því að þóknun fyrir þúsund eintök stendur engan veginn undir þeirri vinnu sem þarf til verksins – en knýr samt bókaútgáfu, prentsmiðjur, auglýsingastofur, leggur fjölmiðlum til efni, nærir starfsemi bókasafna og er snar þáttur í menntakerfi landsmanna. Það gefur auga leið að starfslaun eru atvinnuhöfundum ekki aðeins nauðsynleg, þau eru forsenda þess að fjölmargir aðrir þættir samfélagsins virki.

Sem enn og aftur breytir ekki því að furðu margir virðast reiðubúnir að kosta töluverðum fjármunum til að svo megi ekki verða. Nú er löngu vitað að athafnir einstaklinga og þjóða ráðast ekki alltaf af skynsemi – raunar oft því öndverða. Fólk sér ofsjónum yfir þeim tæpa hálf milljarði sem fer til samanlagðra starfsstyrkja listamanna – sem þó skila borðluggandi ávinningi – en taka möglunarlaust á sig milljarða afskriftir banka og fyrirtækja, niðurgreidda með glöðu geði landbúnaðar-afurðir, setja rétt svo í axlirnar

þegar Húsnæðisstofnun tapar 230 milljörðum eða Seðlabankinn öðru eins í fallit banka og borgarstjórn Reykjavíkur sligar Orkuveituna með glóruleausum framkvæmdum. En þegar kemur að úthlutun svokallaðra listamannalauna verður ekki bara árviss heldur langvarandi héraðsbrestur. Myndir birtast af völdum listamönnum, símalínur glóa, bloggin krauma og formaður fjárlaganefndar Alþingis býðst til að losa landsmenn við óværuna í eitt skipti fyrir öll.

Hvað var það aftur sem völvan klifaði á í ljóðinu langa, Völuspá?

→ Hér eru gefnar út og lesnar fleiri bækur á mann en í öðrum löndum, aðsókn að leikhúsum og tónleikum slær öll met. Engu að síður gerir fámennið að verkum að hér yrði listsköpun snöggtum fátæklegri ef ekki kæmu til styrkir.

„Vituð er enn, eða hvað?“ Sem á nútíma íslensku gæti útlagst: „Eruð þið að ná þessu?“

## ÞÚ KEMST HÆRRÁ Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP



### AF NETINU

#### Skrýtilegt tal



Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, lítur á setu sína á alþingi sem tæki til að auglýsa sig á alþjóðavettvangi. Framganga hennar þjónar ekki öðru en að draga athygli að henni sjálfri. Þegar bandarískur saksóknari vildi kynna sér Twitter-samskipti hennar gerði hún það að umtalsefni á erlendum þingmannavettvangi og krafðist alþjóðlegrar friðhelgi í krafti þingmennsku sinnar. Það mál varð að engu þegar frá leið og hið sama má segja um fullyrðingar Birgittu um að hún yrði handtekin færi hún til Bandaríkjanna. Það hefur reynt tómt vitleysa.

Nýjasta auglýsingamennska Birgittu er að skálda eitthvað um Ban Ki-moon, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, og uppljóstrarann Edward Snowden eftir að utanríkisráðgjafi Alþingis tók á móti aðalritaranum á fundi þriðjudaginn 2. júlí. Í dag segir hún við vefsíðuna visir.is að Ban Ki-moon sé „ömurlegur“ og á vefsíðunni stendur: „Ban Ki-moon er lélegur aðalframkvæmdastjóri miðað við Kofi Annan að mati Birgittu og hún segir hann ekki hafa farið fögrum orðum um forvera sinn í embættinu á fundinum.“

Þetta er skrátilegt tal sem stafar af því að Ban Ki-moon tók ekki undir eitthvað sem Birgitta sagði.

bjorn.is  
Björn Bjarnason


## 66 ÞÚSUND ÍSLENDINGAR ÁVAXTA FÉ SITT Í LÍFEYRISAUKA

Lífeyrisauki er stærsti sjóður landsins sem býður eingöngu viðbótarlífeyrissparnað.

Sjö ávöxtunarleidir tryggja að þú finnur þá réttu fyrir þinn lífeyrissparnað og leggur grunn að varasjóði til að skapa þér góð lífskjör eftir starfslok.

Skoðaðu leiðirnar á [www.arionbanki.is/lifeyrisauki](http://www.arionbanki.is/lifeyrisauki), með því að senda fyrirspurn á [lifeyristhjonusta@arionbanki.is](mailto:lifeyristhjonusta@arionbanki.is) eða hafðu samband við ráðgjafa í síma 444 7000 og leggðu grunn að góðri framtíð í félagsskap fimmtungs þjóðarinnar.

### ÁVÖXTUN LÍFEYRISAUKA



Nafnávöxtun 30.06.2012 – 30.06.2013

5 ára meðalnafnávöxtun tímabilið 30.06.2008 – 30.06.2013

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Fimm ára ávöxtunartölur sýna meðalnafnávöxtun frá 30.06.2008 – 30.06.2013 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á [arionbanki.is/lifeyrisauki](http://arionbanki.is/lifeyrisauki).

 Arion banki

# HELGIN



**Gunnar Pétursson Slysóhjúkka**

## Bjargar lífum

„Ég ætla að standa 12 tíma næturvaktirnar með hinu stórkostlega og fallega fólki slysadeildarinnar. Þar mun ég eflaust bjarga einhverjum lífum og búa um sár á sálum og skrokkum. Þess á milli ætla ég að hlusta á blaðrið í páfagauknum mínum.“



**Arna Benný Harðardóttir**  
Íþróttaræðingur

## Landsmót og ark

„Skelli mér á Selfoss á Landsmót UMFI og síðan ætla ég til Bolungarvíkur og sigla yfir á Hornstrandir þar sem ég ætla að arka um í fimm daga með tengdafjölskyldunni.“



**G. Pétur Matthíasson**  
upplýsingafulltrúi

## Hornstrandaferð

„Klára að pakka fyrir viku ferð á Hornströndum og síðan verður ekið í Bolungarvík. Á morgun verður siglt til Hesteyrar með viðkomu í Veiðileysufirði. Frá Hesteyri verður arkað til Fljótavíkur.“



**Vigdís Jakobsdóttir**  
leikstjóri

## Veisla í farangrinum

„Ég ætla að slá upp veislu fyrir fjölskylduna því á laugardagskvöldið erum við sameinuð á ný eftir flakk tvíst og bast. Vonandi finn ég eitt hvað spennandi í matinn á markaðnum á Lækjartorgi.“



**Köntrifestival:**

## Lambchop á KEX og í Iðnó

**Köntrí** Bandaríska hljómsveitin Lambchop mun halda tvenna tónleika á Íslandi um helgina. Fyrri tónleikarnir fara fram á Köntrí-festivali á KEX Hostel í kvöld klukkan 21. Þar koma þeir fram ásamt blágresissveitinni Illgresi.

Síðari tónleikar Lambchop fara fram í Iðnó annað kvöld klukkan 20.30 og þar kemur tónlistarkonan Lay Low einnig fram.

Ókeypiss aðgangur er á tónleika þeirra á KEX Köntrí meðan húsrúm leyfir. Miðasala á tónleikana í Iðnó fer fram á [www.midi.is](http://www.midi.is).



**Stokkhólmsheilkenni:**

## Pönksirkus í Vatnsmýrinni

**Sirkus** Sænski pönksirkusinn Burnt out Punks sýnir Stokkhólmsheilkennið í Volcano sirkusþorpinu í kvöld og annað kvöld klukkan 23. Ókeypiss er á þennan viðburð og allir velkomnir. Stokkhólmsheilkennið er eldfim, bensín-drifin, anarkistapönk-sirkussýning. Sýningin stendur yfir í 70 mínútur og mun kynda vel undir áhorfendum.



**5.000 plöntur:**

## Safnadagur í Grasagarði

**Íslenski safnadagurinn** Grasagarðurinn er lífandi safn undir berum himni og í garðinum eru varðveittar um 5.000 plöntur í nýju safndeildum. Á íslenska safnadeginum eru gestir hvattir til að skoða safnkostinn og njóta þeirrar afþreyingar sem garðurinn hefur upp á að bjóða. Upplýsingabæklinga er að finna í anddyri garðskálans.

# Dreymir um að finna Vega

Sænski ævintýramaðurinn **Ola Skinnarmo** er á leið til norðvesturhluta Grænlands á skútu sinni Explorer með vaskt lið að freista þess að finna skipið Vega, sem legið hefur á hafsbotni í 110 ár.

**Gunnþóra Gunnarsdóttir**  
gun@frettabladid.is



Það mætti auðvitað halda að ég væri galinn að eyða svona miklum peningum og tíma í að leita að eldgömlu skipi en þegar maður á sér draum þá reynir maður að gera hann að veruleika,“ segir hinn sænski Ola Skinnarmo um leiðangur sinn til Norðvestur-Grænlands að leita að Vega, fyrsta skipi veraldar sem sigldi norðuráusturleiðina milli Evrópu og Asíu.

## Langt úti í fjarskanum

Skinnarmo er eigandi fyrirtækisins Expeditionsresor sem býður upp á rannsóknarleiðangra og ævintýraferðir og fór norðausturleiðina á skútu sinni Explorer, árið 2009. Í ferðinni kveðst hann oft hafa hugsað um hið mikla afrek Norden-skiöldis sem fyrstur manna fór þá leið á skipinu Vega og sat fastur í ísnum mánuðum saman. „Minn túr tók þrjú mánuði og ég hafði góðan tíma til að hugsa, meðal annars um ný ævintýri. Þar kviknaði draumurinn um að finna Vega, sem sókk á hvalveiðum við Norðvestur-Grænland árið 1903. Það er mikil áskorun að finna bát sem liggur djúpt, langt úti í fjarskanum,“ segir Skinnarmo brosandi.

En hversu djúpt? „Við höfum upplýsingar úr sjóprófunum sem gera ráð fyrir að Vega sé á 300 til 500 metra dýpi. En frá olíuleitarmönnum við vesturströndina höfum við fengið vísbendingar um að hún sé hugsanlega á 100 metra dýpi. Svæðið er mjög misdjúpt, nokkrum mílum frá er það um 900 metrar. Kannski er ekkert betra að Vega liggja grunnt því þá er meiri hættu á að ísinn hafi eyðilaggt hana.“

## Gera rannsóknir í leiðinni

Hefur enginn leitað að skipinu áður? „Nei, merkilegt nokk. En Bengt Grisell, vinur Anders Franzén sem fann Vasaskipið og hjálpaði við að bjarga því, gerði tilraun til að finna Vega en þá var tæknin ekki orðin eins fullkomin og nú. Við erum hinsvegar með fínar græjur, þökk sé meðal annars íslenskum hugvitsmönnum sem hafa hannað



**OLA SKINNARMO** „Það er mikil áskorun að finna bát sem liggur djúpt, langt úti í fjarskanum,“ segir hann. FRETATABLADID/VILHELM

Við höfum næstum þrjár vikur til að finna skipið. Ég hef frábært fólk með í för, meðal annars nokkra af heimsins bestu vísindamönnum, til dæmis ráðgjafa Obama forseta í norðurslóðamálum.

lítinn tölvustýrðan leitarkafbát. Við erum líka með fullkomin tæki frá Stokkhólmsháskóla.“

Skinnarmo kveðst ætla að snúa aftur úr leiðangrinum 15. ágúst. „Við höfum næstum þrjár vikur til að finna skipið. Ég hef frábært fólk með í för, meðal annars nokkra af heimsins bestu vísindamönnum, til dæmis ráðgjafa Obama forseta í norðurslóðamálum og Martin Jakobsson, sjávarjarðfræðing og prófessor við Tækniháskólann í Stokkhólmi. Þó svo við finnum ekki Vega þá verður ferðin til gagns því þeir munu gera þýðingarmiklar mælingar sem gefa þeim upplýsingar um bráðnun Grænlandsjökuls.“



**EXPLORER** Öflugt skip með ótrúlega góðar vistarverur og ótal hólf fyrir vistir og búnað. MYND/GLENN MARTIN

## Álika og ferð tunglsins

En ef skipið finnst, hvað þá? „Ef við finnum það munum við afla allra upplýsinga um ástand þess sem við getum og kortleggja staðinn. Í framtíðinni getum við vonandi bjargað því og sýnt það almenningi líkt og Vasaskipið, sem 1,2 milljónir manna skoða á hverju ári og sigldi þó bara 300 metra! Vega er sögufrægt skip og vottur þess að Sví-

þjóð var í fararbroddi í heimskautarannsóknunum. Ferð Norden-skiöldis norðausturleiðina var álika tæknilegt afrek og að ganga á Everest og fara til tunglsins.“

Skinnarmo segir Vega meira og minna gleymda í Svíþjóð og hvað þá öðrum löndum. „Ef við finnum þetta skip er það liður í varðveislu sögunnar,“ segir hann. „Það finnst mér mikilvægt.“

## Fyrsta skip veraldar til að fara norðurleiðina



**VEGA** Skipið festist í ís á leiðinni milli Evrópu og Asíu árið 1878.

„Þá stóðu fyrir dyrum fernir stórtónleikar í Laugardalshöll og von á frægum hljómsveitum til landsins, eins og The Who. Við félagi minn ákváðum að nota tækifærið og prenta fánaveifur til að selja fyrir utan Höllina og í framhaldinu var Silkiprent sett á fót,“ segir Sveinbjörn um tilurð elstu skiltagerðar landsins.

Fyrsta verkefni nýstofnaðs fyrirtækisins varð sögulegt á heimsmælikvarða.

„Það var borðfáni fyrir heimsméistaraveifingu í skák árið 1972, þegar Bobby Fischer og Boris Spassky háðu einvígi í Laugardalshöll. Fánarnir voru prentaðir á íslensku, ensku og rússnesku og urðu eftirsóttir. Því var synd að bæði filmur að verkinu og síðasta settið sem geymt var til varðveislu glataðist,“ segir Sveinbjörn, sem einn daginn hyggst endurgera einvígisfánana.

## LÍNA, JÓGI OG UMFERÐARRÁÐ

Sveinbjörn er lærður setjari og prentari og vann fullan vinnudag hjá Morgunblaðinu fyrstu þrjú árin í sögu Silkiprents. Að loknum vinnudegi fór hann í fyrirtækið sitt og vann fram á nótt á meðan Silkiprent óx smám saman og dafnaði.

„Verkefni voru skemmtileg og mörg nýstárleg á þessum fyrstu árum. Þá voru Lína Langsokkur

og Jógi björn í sjónvarpinu og við prentuðum myndir af Línu og Joga á boli sem við fluttum inn og seldum á landsvísi við góðan orðstír og miklar vinsældir,“ segir Sveinbjörn og brosir. Þess má geta að Silkiprent var einnig umsvifamið í bolaprentun fyrir Henson og Don Cano á sínum tíma.

Silkiprent festi sig í sessi þegar fyrirtækið tók að sér prentun endurskinsmerkja fyrir Umferðarráð.

„Í þá daga var mikið metnaðarmál hjá Sigurði Ágústssyni í Umferðarráði að merkja börnin vel í umferðinni og úr varð að Silkiprent framleiddi hátt í sextíu þúsund endurskinsmerki sem við konan mín fyrirverandi festum í bönd og nælur yfir sjónvarpinu á fimmtán ára tímabili,“ segir Sveinbjörn brosandí.

## FÁNAR AFGREIÐDIR SAMDÆGURS

Eftir fjörutíu ár í bransanum hefur Sveinbjörn enn nóg fyrir stafni enda þekktur fyrir vönduð vinnubrögð og toppþjónustu. Í fyrra jókst framleiðsla Silkiprents um helming og á fyrstu sex mánuðum nýja ársins hefur framleiðslan aftur aukist um helming.

„Silkiprent er eina fyrirtækið sem afgreiðir fána samdægurs og framleiðslan stenst því allra besta snúning. Það er því alltaf gaman í vinnunni og nóg að gera. Viðskiptavinahópurinn er stór, góður og rótgróinn og alltaf að bættast

nýr í hópinn,“ segir Sveinbjörn, sem er greinilega ánægður í Silkiprenti.

„Við framleiðum skilti, merkjum bíla, prentum á límdúk og rúllustanda en erum langstærst í hvers kyns fánum, hvort sem það eru þjóðfánar, fyrirtækjafánar, litlir borðfánar eða hátíðafánar á stöndum. Það nýjasta í fánaframleiðslunni eru svokallaðir strandfánar. Sjón er sögu ríkari og við komum til móts við þarfir og óskir hvers og eins viðskiptavinar.“

Silkiprent er nýflutt í 300 fermetra eigið húsnæði í Grandatröð 3b í Hafnarfirði. Sjá [www.silkiprent.is](http://www.silkiprent.is).



SILKIPRENT flutti nýlega í nýtt og glæsilegt húsnæði að Grandatröð í Hafnarfirði. MYND/ARNÞÓR



## SINNA FJÖLMÖRGUM FYRIRTÆKJUM

Meðal ánægðra viðskiptavina

Silkiprents eru:

**NI**  
Arion banki  
Íslandsbanki  
MP Banki  
Össur  
KSÍ  
BL

**Harpa**  
Vodafone  
Toyota  
Faxaflóahafnir  
Flugfélag Íslands  
ÍAV  
Akureyrarbær  
Fjarðabyggð  
Sparisjóðirnir



**FÁNAR BLAKTA VIÐ HÚN** Silkiprent er eina fyrirtækið sem afgreiðir fána samdægurs.

# AUGNHEILBRIGÐI ER MIKILVÆGT

**PROVISION KYNNIR** Provision er sex ára gamalt fyrirtæki sem sérhæfir sig í innflutningi vara sem stuðla að augnheilbrigði. Fyrirtækið hefur einnig flutt inn vörur fyrir augnskurðaðgerðir sem notaðar eru á Landspítala, Sjúkrahúsi Akureyrar og hjá Sjónlagi.

**P**rovision hefur að leiðarlagnum fjölgað í vörum sem ekki aðeins stuðla að augnheilbrigði heldur létta fólki sem haldið er augnsjúkdómum af ýmsu tagi lífið,“ segir Guðný R. Hannesdóttir, sölu- og markaðsfulltrúi Provision, og bendir á að fyrirtækið leitist við að finna vörur sem hafi eitthvað meira fram að færa en aðrar sem þegar eru á markaði hér á landi.

Fyrirtækið flytur inn vörur frá Evrópu og Bandaríkjunum. „Við leggjum mikið upp úr gæðum og vinnum í nánú samstarfi við augnlækna hjá Sjónlagi,“ segir Guðný en þannig kom það til að Provision fór að flytja inn gæðavörurnar frá Théa.

## THEALOZ VIÐ ÞURRUM AUGUM

„Líklegt er að um það bil fimmtán þúsund Íslendingar þjáist af þurrum augum enda margt sem veldur ertingu í augum, til að mynda loftræsting, notkun lyfja og snertilinsur,“ upplýsir Guðný og bendir á að mikil tölvunotkun auki augnþurrk til muna. „Við blikkum um 40 prósent sjaldnar þegar við horfum á tölvuskjá heldur en bók. Þetta veldur aukinni uppgufun tára. Viftur í tölvum geta einnig þurrkað upp andrúmsloftið,“ segir hún og bætir við að einkenni þurra augna hafi aukist eftir eldgosin því loftið sé orðið mikið þurrara en fólk geri sér grein fyrir.

Thealoz-gervitárin frá Théa eru ný vara sem Provision flytur inn. „Þetta eru rakagefandi og vernd-

andi augndropar við augnþurrki. Engin rotvarnarefni eru í dropunum og þá má nota með snertilinsum,“ upplýsir Guðný. Aðalinnihaldsefni dropanna er trehalósi sem er náttúrulegt efni sem finnst hjá mörgum jurtum og dýrum sem lifa í mjög þurru umhverfi, eins og til dæmis kaktusum. „Innan í kaktus helst rakinn vel og vökvafun er góð,“ segir Guðný. Hún telur dropana sérstaklega góða fyrir fólk með sandtilfinningu í augnum, fólk sem tárist mikið, hafi rauð augu og/eða hafi gengist undir augnaðgerðir. Hún nefnir að tappinn á flöskunni sé hannaður þannig að bakteríur komast ekki í lausnina en nota má dropana í átta vikur eftir að flaskan er opnuð.

## HVARMABÓLGA (BLEPHARITIS)

Hvarmabólga er líklega einn algengasti augnsjúkdómur á Íslandi að sögn Guðnýjar. „Lengi vel var einungis til svokölluð þvottapokameðferð, þá voru heitir bakstrar settir á augun og hvarmarnir nuddaðir með þvottapoka og smá barnasjampói,“ lýsir Guðný. Provision flytur nú inn vörur frá Théa á borð við Blephagel-gel í túpu, og Ble-

phaclean-blautklúta, sem gera meðferðina mun áhrifaríkari og betri fyrir augun.

Hvarmabólga getur valdið afar óþægilegum einkennum, til dæmis kláða í augnhvörmum, bólgu á augnlokum og slímmyndun sem fer í augnhár og getur harðnað í köggla. Guðný segist því afar ánægð að fá vörur sem hjálpa við að halda augnhvörmum hreinum.

Þó fólk þurfi að fá sýklalyf við augnkvillum er gott að nota vörurnar frá Théa með. „Þær eru sérstaklega góðar til að ná burtu slími og öðrum óhreinindum, hvort sem er af völdum hvarmabólgu, vogriss eða öðru,“ segir Guðný. Hún bendir á að Blephagelið sé hvorki feitt né klístrað og því geti konur málað sig eftir notkun. „Í Blephaclean-hreinsklútunum er náttúrulegt efni sem hjálpar við að eyða bólgu og þrota kringum augun. Þeir eru því mjög góðir bæði við þreyttum, þrútnum augum og til að ná burtu slími.



## BLEPHAGEL 30G TÚPA

Dauðhreinisáð gel án rotvarnar- og ilmefta og alkóhóls. Notað til hreinsunar á viðkvæmum, þurrum og/eða klístruðum augnlokum og augnhárum. Gelið vinnur vel á hvarmabólgu, veitir raka og mýkir augnlokin án þess að hafa áhrif á náttúrulegt ph-gildi húðarinnar.



## THEALOZ 10 ML GERVITÁR

Rakagefandi og verndandi augndropar við augnþurrki. Engin rotvarnarefni eru í dropunum og þá má nota með snertilinsum.



## BLEPHACLEAN 20 KLÚTAR Í PAKKA

Dauðhreinisáðir blautklútar sem eru án rotvarnar- og ilmefta! Vinna vel á hvarmabólgu og fjarlægja mjúklega leifar af slími og húðskorpu af augnhvörmum og úr augnhárum. Blephaclean hjálpar við höðnun á þrota í kringum augun og hreinsa án þess að valda ertingu í augum eða á húð. Klútarinnir gefa raka og mýkja húðina. Hentar einnig þeim sem nota linsur og fólk með þurr augu.

## GÓÐAR VÖRUR

Guðný R. Hannesdóttir hjá Provision segir fyrirtækið vilja létta fólki með augnsjúkdóma lífið.

## ATH

Vörurnar frá Provision fást í öllum helstu apótekum. Nánari upplýsingar má nálgast á [www.provision.is](http://www.provision.is) og á Facebook, [www.facebook.com/gudpro](http://www.facebook.com/gudpro).



**Eru flugur, flær eða maurar að ergja þig og bita?**

áhrifaríkur og án allra eitrefna.

Allt að 8 tíma virkni.

Fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum og hjá N1 [www.gengurvel.is](http://www.gengurvel.is)

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...  
holl og góð  
fæða studlar  
aðlíkamlegu heilbrigði  
sem börn  
eiga retta

# MARGVERÐLAUNUÐ STÓRSTJARNNA Í HÖRPU

**ENN Á FULLU** Stórstjarnan Dionne Warwick verður með tónleika í Eldborgarsal Hörpu á miðvikudagskvöldið. Dionne fagnar 50 ára starfsafmæli með tónleikaferð um heiminn.

**D**ionne Warwick er á tónleikaferðalagi um heiminn til að fagna 50 ára starfsafmæli sínu og hefur farið hratt yfir. Í kvöld syngur hún í Dubai en þaðan liggur leiðin til Íslands. Héðan fer hún til Póllands og Hollands en síðan til Asíu þar sem aðdáendur hennar bíða í Japan og Filippseyjum. Tónleikarnir hér á landi áttu að vera 19. júní en þeim var frestað. Bresk og bandarísk blöð hafa undanfarið fjallað mikið um gjaldþrot söngkonunnar sem mörgum þykir undarlegt þar sem hún hefur verið meðal skærustu stjarna heimsins í áratugi. Margir spyrja sig hvert allir peningarnir hafi farið enda hefði hún, miðað við vinsældir, átt að eiga áhyggjulausa ævidaga. Svo er ekki og Warwick á engar eignir. Hún óskaði eftir gjaldþroti í mars á þessu ári vegna skattaskulda og óreiðu í eigin fjármálum.

Warwick hefur fimm sinnum unnið Grammy-verðlaun á ferli sínum og selt milljónir hljómpatna. Hún var í nánú samstarfi við tónskáldið Burt Bacharach og á marga sigursmelli, til dæmis lögin I say a little prayer for you, This girl's in love with you and Do you know the way to San Jose. Hún hefur starfað með heimsfrægum tónlistarmönnum og má þar nefna Barry Manilow, en með honum söng

hún hið vinsæla lag I'll never love this way again. The Bee Gees sömdu lagið Heartbreaker fyrir Warwick, sem sömuleiðis fór beint á toppinn á öllum helstu vinsældalistum. Lagið That's what friends are for eftir Burt Bacarach sem Dionne söng ásamt Elton John, Gladys Knight og Stevie Wonder tryggði henni fimmtu Grammy-verðlaun hennar.

Dionne Warwick fæddist í East Orange í New Jersey þann 12. desember 1940. Hún kemur af söngelsku fólki, aðallega í gospel-tónlist en móðir hennar og fleiri ættmenni sungu í The Drinkard Singers kórnum. Þar hóf Dionne reyndar feril sinn. Hún giftist leikaranum og trommuleikaranum William David Elliott árið 1966. Þau skildu ári síðar og giftu sig á ný nokkrum mánuðum seinna í Milanó á Ítalíu í ágúst 1967. Hjónin eignuðust tvo syni, sá eldri, David Elliott, fæddist árið 1969 en sá yngri, Damon Elliott fæddist 1973. Báðir synir þeirra starfa í tónlistariðnaðinum. Hjónin skildu endanlega árið 1975. Dionne bjó lengi í Brasilíu en flutti aftur til Bandaríkjanna árið 2005 vegna veikinda móður hennar og systur.

Dee Dee Warwick, systir Dionne, hefur verið vinsæl söngkona og átt nokkur vinsæl lög eins og I'm gonna make you love me og I want to be



with you. Stórsöngkonan Whitney Houston var frænka hennar. Þá er óperusöngkonan Leontyne Price einnig frænka hennar. Dionne hefur starfað sem sendiherra fyrir Sameinuðu þjóðirnar og hefur unnið ótulllega að mannúðarmálum. Árið 2010 kom út ævisaga hennar, My Life, as I See It.

**Í NEW YORK** Þessi mynd var tekin af Dionne Warwick í maí síðastliðnum. Söngkonan er 72 ára og er á erfiðu tónleikaferðalagi um heiminn.

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Tónmenntakennari óskast í Kársnesskóla
- Leiklistar- og danskennari óskast í Smáraskóla
- Skólaliði óskast í Smáraskóla
- Deildarstjóri óskast í leikskólann Dal
- Leikskólakennari óskast í leikskólann Marbakka
- Leikskólakennari óskast í leiksk. Rjúpnahæð
- Þroskaþjálfar óskast v/stuðnings við einhverft barn og barn með SMA 1 í leiksk. Rjúpnahæð

Fleiri störf og nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

## Fjarðabyggð

Framkvæmdasvið Fjarðabyggðar leitar að öflugum starfsfólki til starfa hjá ört vaxandi sveitarfélagi.

### Eigna- og framkvæmdafultrúi

Hefur umsjón og eftirlit með öllum fasteignum Fjarðabyggðar og heldur utan um viðhalds- og nýframkvæmdir sveitarfélagsins í samvinnu við mannvirkjastjóra.

Leitað er að aðila með verkfræði, tæknifræði eða sambærilega menntun á háskólastigi.

### Aðstoðarmaður skipulags- og byggingafultrúa

Sinnir verkefnum á sviði skipulags- og byggingamála í samvinnu við skipulags- og byggingafultrúa.

Leitað er að aðila með verkfræði, tæknifræði eða sambærileg menntun á háskólastigi.

### Þjónustufulltrúi á framkvæmdasviði

Dagleg umsjón með skjala- og teikningavörslu.

Leitað er að aðila með menntun sem nýtist í starfi og almenna tölvukunnáttu

Nánari starfslýsingar eru á vefsiðu [fjardabyggd.is](http://fjardabyggd.is) undir „Laus störf“.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum LN við viðkomandi stéttarfélag. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um störf.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Elíasson, mannvirkjastjóri, í síma 470 9019.

Umsóknir skulu sendar á netfangið [guðmundur.eliasson@fjardabyggd.is](mailto:guðmundur.eliasson@fjardabyggd.is) merkt umsókn um starf á framkvæmdasviði.

Umsóknarfrestur er til og með 21. júlí 2013.

Fjarðabyggð er vaxandi sveitarfélag á Austurlandi og það fjölmennasta með ríflega 4.600 íbúa. Bæjarkjarnar þess eru sex talsins eða Mjólfjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður. Framkvæmdasvið Fjarðabyggðar vinnur að fjölbreyttum verkefnum í hverjum þeirra í samstarfi við stjórnsýslunefndir bæjarins og opinberar fagstofnanir. Í mannauðsstefnu Fjarðabyggðar er áhersla lögð á vandaða stjórnsýsluhætti við ráðningar, gott starfsumhverfi og jöfn tækifæri karla og kvenna.

[Mjólfjörður](#)

[Norðfjörður](#)

[Eskifjörður](#)

[Reyðarfjörður](#)

[Fáskrúðsfjörður](#)

[Stöðvarfjörður](#)

Icepharma leitar að

Markaðsstjóra fyrir



Þar sem núverandi markaðsstjóri Pfizer á Íslandi flyst til starfa hjá Pfizer í Danmörku þann 1. ágúst nk. leitum við að markaðsstjóra fyrir Pfizer.

### Ábyrgð og verkefni

Markaðsstjóri Pfizer ber ábyrgð á daglegri stjórnun og rekstri markaðsdeilda Pfizer innan Icepharma. Við deildina starfa 4 starfsmenn. Markaðsstjóri sinnir markaðsgreiningu og stefnumótunarvinnu, annast framkvæmd markaðs- og söluáætlaða í samvinnu við skrifstofu Pfizer í Kaupmannahöfn og tekur þátt í markaðssetningu og kynningu á lyfjum fyrir lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk, ásamt fundum og ráðstefnum heima og erlendis. Ennfremur sinnir markaðsstjóri margs konar samskiptum fyrir hönd Pfizer, svo sem við íslensk heilbrigðisvörð og hagsmunasamtök í lyfjaiðnaði.

Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra Lyfjasviðs Icepharma.

### Menntun og hæfni

Markaðsstjóri Pfizer þarf að hafa sýnt af sér leiðtogaþæfileika og mikla færni í starfsmannastjórnun og mannlegum samskiptum. Gerð er krafa um frumkvæði, fagmennsku, jákvæðni og sjálfstæði í vinnubrögðum. Markaðsstjóri þarf að hafa háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, reynsla af störfum á lyfjamarkaði og gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli í ræðu og riti.

Pfizer er stærsta lyfjafyrirtæki í heimi, stofnað árið 1849, og er leiðandi í rannsóknum og þróun lyfja. Starfsmenn fyrirtækisins um allan heim eru yfir 110.000. Markmið fyrirtækisins er að veita sjúklingum bestu meðferð sem kostur er á, í samvinnu við heilbrigðiskerfið, og tryggja þeim lengra og betra líf. Pfizer hefur markaðsleyfi fyrir u.þ.b. 80 mismunandi lyf á Íslandi og er hlutdeild fyrirtækisins í íslenskum lyfjamarkaði 6,5%.

Icepharma er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í sölu- og markaðssetningu á lyfjum, heilbrigðisvörum og lækningatækjum. Hjá fyrirtækinu starfa 80 manns með víðtæka menntun og þekkingu á heilbrigðisgeiranum. Icepharma er fyrirmyndarvinnustaður og við leggjum áherslu á jafnrétti og fjölskyldu-vænt umhverfi.



icepharma

Lynghálsi 13 • 110 Reykjavík • Sími 540 8000 • Fax 540 8001

### Starfsumhverfi

Starf markaðsstjóra Pfizer er fjölbreytt, faglegt og spennandi starf í krefjandi umhverfi á einhverjum mestu breytingartímum íslenska heilbrigðiskerfisins. Í boði er fagleg og persónuleg þjálfun, bæði heima og erlendis, auk góðra möguleika til að vaxa í starfi.

Icepharma leggur áherslu á gott og hvetjandi starfsumhverfi. Flestir birgjar okkar eru leiðandi á sínu sviði í heiminum, sem skipar Icepharma í fremstu röð fyrirtækja í heilbrigðisgeiranum á Íslandi. Þekking þeirra og reynsla er okkar styrkur.

### Umsóknarfrestur er til 15. júlí 2013

Umsóknir skal senda á netfangið [bessi@icepharma.is](mailto:bessi@icepharma.is).

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bessi H. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Lyfjasviðs Icepharma á framangreindu netfangi.



## Viðskiptastjóri í fyrirtækjaþjónustu

VÍS leitar að öflugum viðskiptastjóra í metnaðarfullan hóp starfsmanna í fyrirtækjaþjónustu. Starf viðskiptastjóra er fjölbreytt og krefjandi þar sem áhersla er lögð á viðskiptastjórnun og framúrskarandi þjónustu við fyrirtæki.

Í samræmi við jafnréttisstefnu VÍS hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

### Forvarnarstefna VÍS

Allir starfsmenn VÍS eru forvarnarfulltrúar í þjónustu sinni við viðskiptavinum. Forvarnir eru hluti af fyrirtækjamenningu VÍS og mikilvægur hlekkur í starfsemi félagsins. Forvarnir eru sýnilegur hluti af starfsemi og hafa þann tilgang að fækka slysum og tjónum meðal viðskiptavina og í samfélaginu í heild.

Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. júlí nk. og skulu umsækjendur sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

**capacent**

VÍS er nútímalegt þjónustufyrirtæki með 40 þjónustuskrifstofu víðsvegar um landið. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman myndar sterka liðsheilid. Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott starfs- umhverfi og aðstöðu til að veita viðskiptavinum góða þjónustu. VÍS vill fela starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

### Starfssvlið:

- Að veita framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina VÍS á fyrirtækjamarkaði
- Sinna sölu og persónulegri ráðgjöf við viðskiptavinum
- Vinna með viðskiptavinum að forvarnar- og öryggismálum
- Önnur tilfallandi störf sem tengjast starfinu

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Reynsla af störfum á fyrirtækjamarkaði
- Frumkvæði, metnaður og öguð vinnubrögð
- Brennandi áhugi á atvinnulífnum

**VÍS**

## Verkumsjón í framleiðsludeild

566151

Leiðandi og framsækið fyrirtæki í verslunarrekstri óskar eftir að ráða starfsmann í verkumsjón í framleiðsludeild fyrirtækisins.

Í starfinu felst m.a. verðútreikningar, utanumhald birgða, samskipti við verksmiðjur bæði hérlendis og erlendis ásamt öðrum verkefnum sem upp koma.

Viðkomandi þarf að vera mjög skipulagður, sjálfstæður í vinnubrögðum, nákvæmur og góður í mannlegum samskiptum. Góð færni í Excel og enskukunnátta skilyrði. Kostur ef viðkomandi hefur unnið með Navision bókhaldskerfi.

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á [WWW.VINNA.IS](http://WWW.VINNA.IS)

**vinna.is**  
S: 511 1144



## Íþróttar- og tómstundafulltrúi

Fjallabyggð óskar eftir að ráða drifandi og metnaðarfullan einstakling til starfa. Íþróttar- og tómstundafulltrúi er yfirmaður starfsmanna sundlauga, íþróttamannvirkja og félagsmiðstöðva og sér um önnur málefni er tengjast íþróttar- og tómstundamálum.

### Starfssvið

- Umsjón með rekstri stofnanna og mannvirkja er heyra undir þennan málaflokk
- Umsjón með vinnu á vegum nefnda er fjalla um íþróttar- og tómstundamál
- Umsjón með ungmennaráði
- Umsjón með niðurröðun og útleigu á íþróttamannvirkjum
- Samræmingarhlutverk innan verkviðs íþróttar- og tómstundamála
- Sér um kostnaðareftirlit á fjárhagsáætlun sem heyrir undir deildarstjóra fjölskyldudeildar
- Hefur umsjón með áætlanagerð verkefna sem heyra undir viðkomandi deildarstjóra
- Sinnir forvarnarstarfi í samvinnu við aðrar stofnanir bæjarfélagsins
- Stjórnar vinnuskóla bæjarfélagsins
- Kemur að eflingu hvers konar félagsstarfssemi í bæjarfélaginu

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla og þekking á sviði íþróttar- og tómstundamála
- Reynsla af stefnumótun sem og verkefnastjórnun æskileg
- Reynsla af framkvæmd rekstrar- og fjárhagsáætlana
- Reynsla og þekking á málafnum sveitarfélaga æskileg
- Hæfni til að miðla upplýsingum á einfaldan hátt í töluðu og rituðu máli
- Menntun og þekking sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af starfsmannastjórnun

Íþróttar- og tómstundafulltrúi heyrir undir deildarstjóra fjölskyldudeildar Fjallabyggðar sem ber ábyrgð á innleiðingu breytinga sem standa yfir og eru framundan. Starfsmenn á sviðinu eru u.þ.b. 20. Æskilegt er að viðkomandi hefji störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags. Starfshlutfall er 100%. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Umsóknir skulu hafa borist bæjarskrifstofum Fjallabyggðar að Gránugötu 24, Siglufirði 580 eða Ólafsvogi 4, Ólafsvirði 625, eigi síðar en föstudaginn 26. júlí 2013.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri í síma 464 -9100, netfang [sigurdur@fjallabyggd.is](mailto:sigurdur@fjallabyggd.is) eða Hjörtur Hjartarson, deildarstjóri fjölskyldudeildar, [hh@fjallabyggd.is](mailto:hh@fjallabyggd.is)



### Rafvirkjar

Vegna góðrar verkefnastöðu vantar okkur tvo vana rafvirkja (með sveinspróf) til starfa í tímabundin verkefni til 1. október n.k. en möguleiki er á áframhaldandi vinnu. Verða að geta hafið störf strax.

Umsóknnum ásamt ferilskrá skal skilað inn til skrifstofu Rafmanna sem allra fyrst eða senda á rafmenn@rafmenn.is

### RAFÍS EHF auglýsir eftir rafvirkjum Fyrirtækið vantar rafvirkja til starfa nú þegar vegna mikilli verkefna framundan.

**Hæfniskröfur:**  
Sveinspróf í rafvirkjun eða mikil reynsla í faginu.  
Stundvísi og reglusemi  
Jákvætt hugarfar

Áhugasamir sendi tölvupóst, gjarnan með ferilskrá, á [ainar@rafisehf.is](mailto:ainar@rafisehf.is).



### Guðmundur Jónasson ehf óskar að ráða bifvélavirkja

Viðkomandi starfsmaður þarf að geta starfað sjálfstætt

**Umsóknarfrestur er til 16. júlí.**

Áhugasamir sendi umsókn á netfangið [sigurdur@gjtravel.is](mailto:sigurdur@gjtravel.is)

#### Capacent Ráðningar

## DEILDARSTJÓRI LAUNAEILDAR



REYKJANESBÆR

Reykjanesbær óskar eftir að ráða deildarstjóra launaeildar til starfa á fjármála- og rekstrarsvið. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi sem hefur vilja og getu til að ná árangri í starfi. Deildarstjóri heyrir undir framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs.

#### Starfssvið

- Umsjón og ábyrgð launabókhalds, þ.m.t. launaútreikningur og skil launatengdra gjalda
- Upplýsingagjöf til starfsmanna vegna útborgunar launa
- Greiningar, samantektir og úrvinnsla á sviði kjaramála
- Ráðgjöf til stjórnenda á sviði kjaramála
- Samskipti við starfsmenn, lífeyrissjóði, stéttarfélag og opinbera aðila
- Útreikningar á kjörum og réttindum starfsmanna skv. kjarasamningum
- Önnur tilfallandi verkefni

Laun eru skv. samningi launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi fagfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 22. júlí nk. **ATHUGIÐ Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á vef Reykjanesbæjar undir laus störf: [www.reykjanesbaer.is](http://www.reykjanesbaer.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Erik Christianson Chaillot ([erik.chaillot@capacent.is](mailto:erik.chaillot@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

#### Capacent Ráðningar

## SLÖKKVILIÐSSTJÓRI



Akureyri er stærsti bær landsins utan höfuðborgarsvæðisins og eru íbúar um 18.000 talsins. Akureyri er mikill menningar- og skólabær. Bærinn er miðstöð athafnalífs og þjónustu fyrir allt Norðurland og iðar af mannlífi allan ársins hring. Fyrir utan hið eiginlega bæjarland Akureyrar í botni Eyjafjarðar eru eyjarnar Grímsey og Hrísey einnig innan vébanda sveitarfélagsins. Bæjarstjórn leggur áherslu á að veita íbúum bæjarfélagsins góða þjónustu á öllum sviðum og hlúa þannig að samfélagi sem er gott til búsetu.

Akureyrarbær óskar eftir að ráða slökkviliðsstjóra hjá Slökkviliði Akureyrar. Starfsemi slökkviliðsins heyrir undir bæjartæknifræðing, sem einnig er yfirmaður framkvæmdaeildar.

#### Starfssvið:

- Yfirumsjón með og ábyrgð á daglegum rekstri
- Ábyrgð á faglegri starfsemi Slökkviliðs Akureyrar
- Starfsmannahald
- Gerð fjárhags- og starfsáætlana
- Samræming verkefna og eftirfylgni þeirra

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til að sinna starfi slökkviliðsstjóra. Einnig þurfa umsækjendur að skila inn prófskríteinum, ökuferilskrá, og vera tilbúnir að gangast undir ítarlega læknisskoðun.

Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) og Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum og Björn Heiðar Sigurbjörnsson, settur slökkviliðsstjóri ([bjornh@akureyri.is](mailto:bjornh@akureyri.is)) sími 461-4202.

Capacent Ráðningar  
Hvannavellir 14  
Sími 540 1000

capacent

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Menntun á sviði stjórnunar og reksturs er æskileg
- Stjórnunarnám í slökkvifræðum er kostur
- Uppfylla skilyrði reglugerðar nr.792/2001 og lög um brunavarnir nr. 75/2000
- Reynsla af stjórnun og rekstri er skilyrði
- Viðtæk reynsla af störfum sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður æskileg
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni
- Gott líkamlegt- og andlegt atgervi
- Færni í mannlegum samskiptum og samstarfsvilji
- Sveigjanleiki, viðsýni og vilji til að tileinka sér nýjungar
- Sjálfstæði í starfi, frumkvæði og góð skipulagshæfni
- Góð tölvukunnátta ( Office 2010, One System, Mind Manager)
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði

# ÁHUGAVERÐ FRAMTÍÐARSTÖRF



## Húsasmiðjan vill ráða öfluga starfsmenn í eftirtalin störf

### Starfsmann í áhaldaleigu Húsasmiðjunnar í Skútuvoði Ábyrgðarsvið

- Almenn afgreiðsla á tækjum og þjónusta við viðskiptavini
- Umsjón, þrif og minni viðgerðir á leigutækjum
- Önnur tilfallandi störf

### Hæfniskröfur

- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni
- Þekking á smá tækjum og notkun þeirra æskileg
- Þarf að geta byrjað sem fyrst

### Starfsmann á þungavörulager Húsasmiðjunnar í Kjararvogi Ábyrgðarsvið

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Almenn lagerstörf

### Hæfniskröfur:

- Lyftararéttindi 10 tónna skilyrði
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni
- Reynsla af vinnu í byggingariðnaði eða vöruhúsi kostur
- Þarf að geta byrjað sem fyrst.



Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

### Metnaður Þjónustulund Sérþekking

Umsóknir berist fyrir 19. júlí n.k.  
Til Guðrúnar Kristinsdóttur  
gudrunk@husa.is  
Öllum umsóknum verður svarað



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri (FSA). Heilbrigðisráðherra skipar í stöðuna til 5 ára. Staðan er laus nú þegar.

Sjúkrahúsið á Akureyri starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 með síðari breytingum. Sjúkrahúsið á Akureyri er kennslusjúkrahús og veitir sérfræðisþjónustu í helstu greinum læknisfræði og hjúkrunarfræði og almenna sjúkrahúsþjónustu í sínu umdæmi. Þá annast sjúkrahúsið starfsnám í heilbrigðisvísindagreinum og starfar í nánnum tengslum við háskóla á sviði fræðslumála heilbrigðisstétta og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Sjúkrahúsið á Akureyri er annað stærsta sjúkrahús landsins og varasjúkrahús Landspítala. Að jafnaði eru um 600 manns starfandi á FSA í um 440 ársstörfum.

Forstjóri ber ábyrgð á að FSA starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf sem ráðherra setur honum. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og þjónustu sjúkrahússins, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Forstjóri skal hafa háskólamenntun og reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Hann skal einnig hafa þekkingu og reynslu á sviði heilbrigðisþjónustu. Gerð er krafa um hæfni í mannlegum samskiptum ásamt leiðtogaþæfileikum.

Hæfni umsækjenda verður metin af hæfnisnefnd skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Um launakjör forstjóra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög nr. 47/2006 um kjararáð.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri, sveinn.magnusson@vel.is Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið: postur@vel.is eigi síðar en 25. júlí nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.



## Ert þú með Alt undir Ctrl í kerfismálum?

Við leitum að kerfisstjóra í rekstrarhópinn okkar

### Helstu verkefni:

Daglegur rekstur á eigin kerfum og viðskiptavina, s.s. uppsetningar, breytingar, ráðgjöf og viðhald. Leitað er að einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á tæknimálum og metnað til að fara fram úr væntingum viðskiptavina.

### Hæfniskröfur:

- Góð almenn tæknikunnátta.
- Reynsla af uppsetningu og rekstri gagnagrunnsþjóna.
- Þekking á rekstri stýrikerfa og Windows netþjóna.
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni.
- Þekking á Citrix, Vmware og eða HyperV.
- Tæknilegar vottanir og háskólamenntun er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 22. júlí 2013. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á vef Nýherja, [nyherji.is/atvinna](http://nyherji.is/atvinna). Allar umsóknir og fyrirspurnir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Nánari upplýsingar veitir Linda B. Waage deildarstjóri á tæknisviði, [linda.waage@nyherji.is](mailto:linda.waage@nyherji.is)

Nýherji er eitt öflugasta upplýsingatæknifélag landsins. Hjá Nýherja og dótturfélögum starfa samtals um 550 starfsmenn á Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð.



## Guðmundur Jónasson ehf. óskar að ráða starfsmann í stjórnstöð

Guðmundur  
Jónasson  
Travel

### Viðkomandi starfsmaður mun m.a. sjá um:

- Stjórnun og gerð tilboða vegna hópferða
- Skipulagningu ferða
- Símsvörun

### Hæfniskröfur vegna starfsins eru þessar:

- Meirapróf og reynsla af akstri hópferðabíla
- Íslenskunnátta
- Þekking í tölvunotkun, Outlook, Word og Exel
- Rík þjónustulund
- Sæmileg enskunnátta
- Hreint sakavottorð

Guðmundur Jónasson ehf. er framsækið ferðaþjónustufyrirtæki og jafnframt eitt af elstu fyrirtækjum á sínu sviði á landinu.

### Umsóknarfrestur er til 16. júlí.

Áhugasamir sendi ferilsrá á netfangið sigurdur@gjtravel.is



Grindavíkurbær

## Fristundaleiðbeinandi.

Grindavíkurbær auglýsir starf fristundaleiðbeinanda laust til umsóknar. Fristundaleiðbeinandi mun hafa umsjón með félagsstarfi ungmenna í Grindavík, bæði í félagsmiðstöðinni Þrumunni og í Grunnskóla Grindavíkur. Leitað er að reglusömum, skemmtilegum og áreiðanlegum einstaklingi sem hefur m.a. til að bera frumkvæði, góða samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

### Helstu starfssvið:

- Umsjón og ábyrgð á félagsstarfi barna og ungmenna. Annars vegar í félagsmiðstöðinni Þrumunni og hins vegar í Grunnskóla Grindavíkur.
- Umsjón með ungmennaráði Grindavíkur.
- Skipulagning og framvæmd viðburða í samráði við nemendaráð/ungmennaráð.
- Sinnir fyrirbyggjandi starfi s.s. forvörnum og fræðslu.
- Samskipti og samstarf við samstarfsaðila og forráðamenn.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tómtunda- og félagsmálafræði eða sambærileg háskólamenntun á uppeldissviði.
- Reynsla af starfi með börnum og ungmennum.
- Stjórnunarreynsla æskileg.
- Sjálfstæði og frumkvæði.
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð.
- Góð samskiptahæfni.
- Almenn tölvukunnátta.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf um miðjan ágúst.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags og um er að ræða fullt starf.

Grindavíkurbær er um 2.900 íbúa samfélag í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Í Grindavík er lögð áhersla á fjölskylduvænt umhverfi, íþróttastarf og heilsu-eflingu í skóla og leikskóla. Starfsmenn Grindavíkurbæjar eru um 170, en bærinn býður upp á alla helstu opinbera þjónustu. Starfsmenn Grindavíkurbæjar hafa sett sér eftirfarandi gildi sem unnið er eftir í starfsemi bæjarins: jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.  
**Umsóknarfrestur rennur út 19. júlí næstkomandi.**

Umsóknir skulu sendar á Grindavíkurbæ, Víkurbraut 62, 240 Grindavík eða með tölvupósti á kreim@grindavik.is merkt, „Starfumsókn fristundaleiðbeinandi“.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristinn J. Reimars-son, sviðsstjóri fristunda- og menningarsviðs Grindavíkurbæjar kreim@grindavik.is. Sími 660 7310.

## RAFÍS EHF

### auglýsir eftir rafvirkjum

Fyrirtækið vantar rafvirkja til starfa nú þegar vegna mikilli verkefna framundan.

### Hæfniskröfur:

Sveinspróf í rafvirkjun eða mikil reynsla í faginu.  
Stundvísi og reglusemi  
Jákvætt hugarfar

Áhugasamir sendi tölvupóst, gjarnan með ferilsrá, á einar@rafisehf.is.



## Waldorfleikskólinn Ylur auglýsir eftir leikskólakennara eða áhugasömum einstakling í starf frá og með 1. Ágúst.

Leikskólinn er staðsettur í Seldal Lækjarbotnum í yndislegu umhverfi þar sem náttúran hefur skapandi og nærandi áhrif á bæði leikskólaborð og starfsfólk. Starfað er eftir hugmyndafræði Rudólfs Steiner þar sem virðing fyrir þörfum leikskólakennara er metin ofar öllu. Æskilegt er að umsækjendur hafi þekkingu og/eða áhuga á Waldorfpæddisfræði.

Ylur@simnet.is Sigrún 6617750

# epli.is

Epli.is leitar að öflugum sölu- og þjónustufulltrúum í frábæran starfshóp Epli.is, ásamt hópstjóra sem mun leiða þjónustuver okkar.

Ef þú hefur ríka þjónustulund, mikla hæfni í mannlegum samskiptum og hefur óþrjótandi áhuga á tölvum og tækni, erum við líklega að leita að þér en okkur vantar liðsmenn í framvarðarsveit okkar.

**Um framtíðarstörf** er að ræða þar sem gerðar eru kröfur um öguð vinnubrögð, faglega framkomu, frumkvæði og sjálfstæði í starfi. Sveigjanleiki, jákvæðni og glaðværd eru mikils metnir eiginleikar.

## Sölu- og þjónustufulltrúi:

**Þú ert andlit okkar.** Reynsla af sölu- og þjónustustörfum er nauðsynlegt. Vilji til að uppfylla óskir viðskiptavina umfram væntingar þarf að vera þér meðfæddur eiginleiki ásamt því að vera afburða kurteis með jákvæða geislun.

Við leitum eftir **þremur sölufulltrúum í verlanir okkar og tveimur starfsmönnum í þjónustuver.**

## Hópstjóri:

**Þú er leiðtogi.** Þú sérð um að sala og þjónusta hjá framvarðarsveit fari langt umfram væntingar, þú fylgist með nýjungum og miðlar nýrri þekkingu áfram til liðsmanna. Þú tekur þátt í að þróa fyrirkomulag þjónustu okkar og tryggir að viðskiptavinir okkar fái þá lausn sem leitað er eftir.

Sendu okkur umsókn ásamt ferilsrá á netfangið: **atvinna@epli.is**, umsóknarfrestur er til 14. júlí 2013



Epli.is er sölu-, þjónustu- og dreifingaraðili Apple á Íslandi.

atvinna@epli.is

## Sölumaður óskast á rótgróna fasteignasölu

Traust og rótgróin fasteignasala óskar eftir sölumanni til starfa. Þóknun er afkastatengd en söluskráin bíður upp á mikla möguleika fyrir duglegan starfsmann. Umsóknir sendast á [box@frett.is](mailto:box@frett.is) merkt „Fasteignasala-1805“

## Smíðir

Tveir samhentir smíðir taka að sér verkefni fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stærri verkataka. Með mikla reynslu í gífsveggjum, uppsteypu, þakvinnu, gluggum, hurðum, parketlögn, pallasmíði sem og allri smíðavinnu. Kranaréttindi og vinnuvélaréttindi.

Erindi skal sent á [2smidir@gmail.com](mailto:2smidir@gmail.com)

A PHARMACIST required for

# APOTEK SÁPMI

in Karasjok, Norway.

[apotek.sapmi@gmail.com](mailto:apotek.sapmi@gmail.com)

0047 94 166 486

**We offer:** full-time job in a good collective, good salary, possibilities for education and personal development. (Event. part-time job optional).

**We require:** reliability, responsibility and openness to communication and changes.

The municipality organises free courses of norwegian.



## Sérfræðistarf á rannsóknarstofu Fjarðaáls

Okkur vantar áhugasaman og ábyrgan sérfræðing á rannsóknarstofu Alcoa Fjarðaáls. Rannsóknarstofan sér um fjölbreyttar mælingar sem skipta lykilmáli í framleiðslustjórnun og gæðakerfi fyrirtækisins. Notaður er fullkomnasti búnaður sem völ er á.

### Vinnufyrirkomulag

Almennur vinnutími er frá kl. 8 til 16 á virkum dögum. Viðkomandi þarf jafnframt að geta unnið á bakvöktum.

### Ábyrgðarsvið

- Daglegur undirbúningur sýna og tækja
- Reglubundnar mælingar
- Skráning niðurstaðna
- Úrvinnsla tölfraðilegra upplýsinga
- Úrbætur á verklagi

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði raunvísinda
- Reynsla af stjórnun
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta

### Vinnustaðurinn

Álver Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð er eitt af þeim fullkomnustu í heiminum. Verkefni eru fjölbreytt og tækifæri til starfsþróunar margvísleg. Mikið er lagt upp úr góðum aðbúnaði starfsmanna, öflugum félagsstarfi og stuðningi við samfélagið.

### Almennar hæfniskröfur

Starfsmenn Fjarðaáls þurfa að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni og ná framúrskarandi árangri með stöðugar umbætur að leiðarljósi. Gerð er krafa um sterka öryggisvitund. Starfsmenn vinna saman í teyrum og verða að búa yfir lipurð í samskiptum ásamt því að hafa hæfni til að miðla upplýsingum og þekkingu.

Áhugasamir eru hvattir til að afla sér frekari upplýsinga hjá Björgvini Guðmundssyni, leiðtoga á rannsóknarstofunni, eða Valgerði Vilhelmsdóttur í mannauðsteymi Alcoa Fjarðaáls í síma 470-7700.

### Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Skriflegri umsókn ásamt ferilskrá skal skilað á [www.alcoa.is](http://www.alcoa.is).

Umsóknarfrestur er til og með 28. júlí.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

[www.alcoa.is](http://www.alcoa.is)

Alcoa Fjarðaál



[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)



HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBÆJAR  
STRANDGATA 6  
220 HAFNARFJÖRÐUR  
SÍMI 585 5500  
FAX 585 5599

## Aðstoðarleikskólastjóri

Staða aðstoðarleikskólastjóra við leikskólann Arnarberg er laus til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að leiða áfram og taka þátt í góðu faglegu samstarfi í skólanum og hafa að leiðarljósi að gott leikskólastarf má ávallt bæta. Leikskólinn er forystuskóli í læsishvetjandi umhverfi og starfhættir byggjast á verkfærum SMT skólafærni.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennarapróf
- Framhaldsmenntun og/eða reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Frumkvæði og samstarfsvilji
- Góðir skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sé reiðubúinn til að leita nýrra leiða í leikskólastarfi
- Hafi áhuga og/eða reynslu til að leiða þróunarstarf

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna stjórnunarstarfi

Allar upplýsingar um stöðuna veitir Oddfríður Jónsdóttir, leikskólastjóri í síma 5553493/ 664 5837 [arnarberg@hafnarfjordur.is](mailto:arnarberg@hafnarfjordur.is)

Umsóknarfrestur til og með 15. júlí 2013

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

# SÉRFRÆÐINGUR

Sérfræðingur í markaðs- og kynningarmálum fyrir Útvarpssvið 365

Leitum af kraftmiklum einstaklingi sem hefur ástríðu fyrir markaðsmálum og fjölmiðlun.

### VERKSVIÐ

- Móta og framkvæma stefnu í markaðs- og kynningarmálum
- Fylgja eftir markaðs- og kostnaðaráætlunum
- Samskipti við auglýsingastofu og tengda aðila
- Tengiliður milli dagskrár- og auglýsingadeildar
- Myndvinnsla, textagerð og atburðastjórnun
- Umsjón með vef- og samfélagsmiðlum
- Heyrir undir forstöðmann útvarps

### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun æskileg
- Starfsreynsla af markaðs- og kynningarmálum
- Verður að vera hugmyndríkur með mikla skipulagshæfni, frumkvæði og gríðarlegan drifkraft
- Mjög góð samskiptafærni og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Þekking á myndvinnsluforrit nauðsynleg
- Þekking á samfélagsmiðla nauðsynleg


Nánari upplýsingar um starfið veitir Ágúst Héðinsson, forstöðumaður útvarps á netfanginu: [agusth@365.is](mailto:agusth@365.is)  
Áhugasamir umsækjendur sækja um starfið á vef 365 miðla, [www.365midlar.is](http://www.365midlar.is), ekki síðar en 14. júlí n.k.

BYLGJAN  
989

X  
977

FM957

365





## Laus störf hjá Austurbrú

### Verkefnastjóri:

Á Menningarsviði með starfsstöð á Seyðisfirði. Starfið felur í sér verkefnavinnu fyrir: Miðstöð Menningarfræða á Austurlandi, Tækniminjasafn Austurlands, Skaffell, auk verkefna á sviði ferðamála. Viðkomandi þarf að geta ferðast vegna starfsins.

### Hæfniskröfur:

- Góð menntun / reynsla á sviði menningarmála
- Reynsla af gerð viðskipta og framkvæmdaáætlana
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Þjónustulipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af gerð styrkumsókna er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir skal senda ásamt ferilskrá á netfangið: austurbru@austurbru.is Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir: Signý Ormarsdóttir fulltrúi Menningarsviðs, Signy@austurbru.is

### Móttökuritari:

Á starfsstöð Austurbrúar á Egilsstöðum. Starfið felur í sér að sinna almennum þjónustustörfum og bókhaldsverkefnum í samráði við fulltrúa fjármála og stoðþjónustu. Viðkomandi þarf að geta ferðast vegna starfsins.

### Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af almennum skrifstofustörfum
- Staðgóð tölvukunnátta, Office og bókhaldi
- Lipurð í samskiptum og þjónustulund
- Skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir skal senda ásamt ferilskrá á netfangið austurbru@austurbru.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir: Katrín María Magnúsdóttir KatrinMaria@austurbru.is

### Fulltrúi fjármála og stoðþjónustu:

Á starfsstöð Austurbrúar á Egilsstöðum. Fulltrúi fjármála og stoðþjónustu sinnir fjölmörgum verkefnum innan félagsins. Meðal annars leiðir hann fjárhagsáætlunargerð félagsins í samstarfi við framkvæmdastjóra og fulltrúa félagsins. Viðkomandi þarf að geta ferðast vegna starfsins.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði í starfi og hæfni til teymisvinnu
- Góð reynsla af fjármálastjórnun
- Reynsla af styrkjaumhverfi æskileg

Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir skal senda ásamt ferilskrá á netfangið austurbru@austurbru.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir: Karl Guðmundsson Karl@austurbru.is

*Austurbrú ses. er sjálfseignarstofnun byggð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Auk þess annast Austurbrú daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Stofnunin er með sex starfsstöðvar á Austurlandi og yfir 20 starfsmenn. Sjá nánar á [www.austurbru.is](http://www.austurbru.is).*



þekking - þróun - þjónusta

## Stærsti skemmtistaður í heimi óskar eftir besta fólki í heimi!

Sæktu  
um fyrir  
**15. júlí**

Þar sem 4G netið hefur slegið í gegn þurfum við að bæta við okkur enn fleiri frábærum liðsfélögum.

### Tæknifulltrúi

Nú gerum við stórleit að kraftmiklum, ábyrgum og skemmtilegum starfskrafti með bilaðan drifkraft.

Ert þú sá aðili? Hefur þú brennandi áhuga á nýjustu tækni? Finnst þér gaman að hjálpa, kenna og veita ofurþjónustu? Þrífur þú borðið þitt reglulega? Finnst þér gaman að hlaupa á milli hæða (þú færð svakalega stinna lærvöðva af því)?

Ef svo er þá gætir þú verið sá/sú sem við leitum að. Hæfniskröfur eru stúdentspróf eða reynsla af sambærilegu starfi. Áhugi og hæfni í mannlegum samskiptum eru skilyrði (viljum ekki svona náunga sem situr bara úti í horni og kvartar yfir veðrinu).

Nánari upplýsingar

**RÁÐUM**  
Atvinnustofa

Áhugasamir sækji um á [www.radum.is](http://www.radum.is) fyrir 15. júlí. Nánari upplýsingar veitir Hildur Erla Björgvinsdóttir, hildur@radum.is, sími 519 6770.

### Sölu- og þjónusturáðgjafar í verslun

– fólk sem er meira en fallett andlit Nova; það er líka hluti af bestu sölumönnum landsins. Fyrir þann sem elskar að koma fram, veita frábæra þjónustu og veit ekkert skemmtilegra en að selja.

### Sölu- og þjónusturáðgjafar í þjónustuver

– týpan sem virkar róandi á alla og maður treystir á að hjálpi manni með hvað sem mann vantar. Fyrir þann sem elskar að tala í síma, veita frábæra þjónustu og veit ekkert skemmtilegra en að selja.

### Hæfniskröfur

Jákvæðni, frumkvæði, kraftur og framúrskarandi þjónustulund einkennir þann frábæra hóp sem okkur vantar viðbót við. Allt þetta, ásamt góðri tölvukunnáttu og lipurð í mannlegum samskiptum, er nauðsynlegt. Stúdentspróf eða sambærileg menntun. Góðir tekjumöguleikar því laun eru árangurstengd. Um framtíðarstörf er að ræða. Unnið er á vöktum. Við leitum að öflugum einstaklingum sem hafa áhuga á að ná árangri í starfi og á okkar hópi.

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

**NOVA**



Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lág múla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter



## MÚRBÚÐIN ÓSKAR AÐ RÁÐA LAGERMANN

Múrbúðin Kletthálsi, óskar eftir að ráða:

- **Lagermann með meirapróf og vinnuvélaréttindi.** Leitað er að einstaklingi 25 ára eða eldri með reynslu af lagerstörfum.

Umsóknir ásamt ferilsskrá óskast sendar á netfangið: [arnar@murbudin.is](mailto:arnar@murbudin.is)

# MÚRBÚÐIN



## FRAMTÍÐARSTARF TÍSKA

Við leitum að jákvæðu og metnaðarfullu fólki í fullt starf, sem hefur áhuga á að vaxa í starfi og óðlast reynslu til að takast á við fjölbreytt og lifleg verslunarstörf til framtíðar.

Umsækjendur skulu vera 18 ára eða eldri, góðir í mannlegum samskiptum og hafa áhuga á sölustörfum.

- Verslunin Zara selur dómu, herra og barnafatnað í Kringlunni og Smáralind.
- Áhugasamir sendi póst ásamt ferilsskrá á: [elingud@zara.is](mailto:elingud@zara.is) eða skili umsóknir í versanir.
- Umsóknarfrestur er til 14. júlí.

# ZARA



## Viltu vinna í litríkri og skemmtilegri verslun?

**Verslunin The Pier leitar að:**


**Hugmyndaríkum fagurkera** sem vill bætast í samhentan starfsmannahóp á **Korputorgi**.

**Hæfniskröfur:**

- Næmt auga fyrir framsetningu og útstillingum
- Rík þjónustulund
- Reynsla af sölustörfum
- Sjálfstæð og óguð vinnubrögð
- Stundvísi

Áhugasamir sendi umsóknir með ferilsskrá fyrir **20. júlí 2013** á netfangið [pier@pier.is](mailto:pier@pier.is)

### Deild iðjubjálfunar og félagsstarfs Hrafnistu í Hafnarfirði



## Iðjubjálfi óskast til starfa 1. september 2013

**Helstu verkefni:**

- Hóppjálfun og hópastarf á hjúkrunardeildum heimilisins. Áhersla lögð meðal annars á hugmyndafræði Jane Verity/ Lífsneistann og endurminningavinnu.
- Þjálfun heimilismanna
- Fræðsla og ráðgjöf fyrir heimilismenn og starfsfólk
- Ýmis þverfagleg vinna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

Próf í iðjubjálfun frá skóla viðurkenndum af Heimssamtökum iðjubjálfa (WFOT) og með íslenskt starfsleyfi og löggildingum. Krafist er góðrar hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum.

**Markmið Hrafnistu er að:**

- vera leiðandi í umönnun og þjónustu við aldraða
- stuðla að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan heimilissólks
- efla faglega þekkingu starfsfólks
- auka starfsánægju og bæta starfsumhverfi starfsfólks

Athugið að um er að ræða hlutastarf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Iðjubjálfafélags Íslands og Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu og stofnanasamningi Iðjubjálfafélags Íslands og Hrafnistu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Hallgrímsdóttir, deildarstjóri iðjubjálfunar og félagsstarfs í síma: 585-3292 / 664-9467.

**Umsóknarfrestur er til 22. júlí.** Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið [guðrun.hallgrimsdottir@hrafniasta.is](mailto:guðrun.hallgrimsdottir@hrafniasta.is)



## SÁLFRÆÐINGUR

**Fjölskyldusvið Húnaþings vestra auglýsir lausa til umsóknar stöðu sálfræðings. Um er að ræða 100% stöðugildi. Á Fjölskyldusviði starfa félagsráðgjafi, þroskajálfi, kennsluráðgjafi íþrótt- og tómsunda-fulltrúi auk sviðsstjóra.**

**Verksvið: Skóla- og félagsþjónusta: ráðgjöf, greining, leiðsögn, einstaklinga og fjölskyldna; barnavarn, teymisviðfangsefni.**

**Umsækjandi skal hafa starfsbundin réttindi til starfa sem sálfræðingur á Íslandi, hafi til að bera góða samskiptahæfni, ríkt frumkvæði og samstarfsvilja til þverfaglegs samstarfs.**

